




**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1993

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured covers/
Couverture de couleur
- Covers damaged/
Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- Tight binding may cause shadows or distortion
along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la
distorsion le long de la marge intérieure
- Blank leaves added during restoration may appear
within the text. Whenever possible, these have
been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées
lors d'une restauration apparaissent dans le texte,
mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont
pas été filmées.

- Coloured pages/
Pages de couleur
- Pages damaged/
Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached/
Pages détachées
- Showthrough/
Transparence
- Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- Continuous pagination/
Pagination continue
- Includes index(es)/
Comprend un (des) index

Title on header taken from: /
Le titre de l'en-tête provient:

- Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

Additional comments: / Text in Icelandic.
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x	14x	18x	22x	26x	30x
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12x	16x	20x	24x	28x	32x

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



L e

T

L J Ó ð M Æ L I

(1866-1892)

EFTIR

JÓN ÓLAFSSON.

ÖNNUR ÚTGAFA-AUKIN.



WINNIPEG, MAN.

THE HEIMSKRINGLA PRTG. & PUBL. Co.

1892.

Entered according to Act of Parliament in Canada, in the year 1892 by JÓN ÓLAFSSON, in the Office of the Minister of Agriculture.

FRÁ ÆSKU-ÁRUNUM.

(1866—'70).

LÍFSINS GÁTA.

Líða dagar, aldir, ár;
alt ber tímans -straumur.
Jafnt má hár það líða' og lá'r,
lífið alt er draumur.

Sæld hvort eða sorg þú ber,
senn þú öllu gleymir;
Samt má heita seggja hver
sæll, ef vel hann dreymir.

Líður tíð og loksins má
lífsins þráður rakna;
allir munu ýtar þá
ekki sofna', en vakna.

En ætli lending ein sé jöfn
 öllum, sem að deyja,
 þegar þeir koma' í hinstu höfn?
 Hver kann það að segja?

16. FEBR. '66.

SKILJAST ALDREI.

Gekk ég einn á vori' um völl,
 varmt skein sólin blíða.

Hraðfleyg stundin hverfur öll,
 hjólið rennur tíða.

Sá ég vaxa saman blóm,
 sólu brosa viður;
 blárrar lindar blíðum róm
 blandast fugla-klíður.

Þetta stóð um stutta tíð,
 stóð ei sumar lengi.
 Ástar-röddin breytist blíð,
 blómin fölna' á vengi.

Hausti sá ég síðar á
 sömu fölnuð blómin,
 hlusta þá, en heyra' ei má
 hreinan ástar-róminn.

Visin blómin velli á

vafin örmum sváfu;
höfðu fyllt upp heitin þá,
hvort sem öðru gáfu.

Finst mér ekkert segja', en það,
fríð sem ástin veldur,
í lífi' að skiljast aldrei að,
ekki' í dauða heldur.

Engu meir ég óska', en því,
ástarblíða meyjja,
faðmi þínum fríðum í
frjáls að lifa' og deyja.

20. MARZ '66.

KÓLNANDI ÁST.

Væri' hún dauðans vafin armi
í værum blund og unni mér,
sæld mér þætti' í hrygð og harmi,
hennar vegna sem ég ber.

Hefði' hún svikið orð og eiða,
eg held linun væri' í því;
stytt þá gæti' eg lífið leiða
lagar svölum bylgjum í.

Hrygð ef vakið hefði' eg sprundi,
hefði' eg sjálfur rofið trú,

okkur brátt þá búa' eg mundi
báðum aldurtila nú.

En ást þín — það er enn þá verra,
án þess, mæ, ég lýti þig —
finn ég smátt og smátt vill þverra,
og smám saman það drepur mig.
'66.

EFTIR BARN.

Dóst þú fyr, en kendir kífs
og kulda lífs tókst finna
Fegra' er að dauði', en dagar lífs,
deyfi roðann kinna.
'66.

JOHAN LUDVIG RUNEBERG.

Kvikna máttu köppum hjá
kýmni' og gleði láta;
en syngir þú um sorg, þá má
sjálfur dauðinn gráta.
'66.

PUNGLYNDI.

Það er æði-margt, sem mér
megnar sorgir vekur;
að eins drottinn einn það sér,
út hvað sál mín tekur.

Rósemd hrædd þér hrekkur frá,
hjarta gremi þjáða;
en ekki skal það á mér sjá,
ef að ég má ráða.

Út í lífsins iðu-straum
óður mér ég fleygi,
ræki heimsins gleði' og glaum,
en gleði finn þó eigi.

Undarlegast það er þó,
að þá ég vesall maður
enga hef í hjarta ró,
helzt er ég óssa-glaður.

Innvortis mig eitur sker,
ólga' í brjósti sýður;
sem nöðru-bit í hjarta hver
hlátur beizkt mér sviður.

En ef syrgja' eg aleinn má
ýta fjarri glaumi,
fróun hjartað finnur þá
fríðsælum í glaumi.

Beizku galli blandast æ
 beztu unads-stundir;
 sanna gleði fyrst ég fæ
 folkar-sverði undir.

SEPT. '66.

ÓLYFJANIÐ.

Eftir *Heine*.

Aftangeisla síðla sendi
 sól um strönd og haf og eyju,
 á grænni flöt að bæjar-baki
 blíðri sat ég þá hjá meyju.

Dimmum nið þá drundi bára,
 dróg upp ský og byrgði sunnu;
 sorg og ást þér bjó í brjósti,
 blítt um vanga tárin runnu.

Ó! þá lind var ljúft að teygja!
 Leið ég stilt að hvelfdum barmi;
 í sæludraumi, tálfrið tróða,
 tár ég kysti' af ljósum hvarmi.

Síðan þróttur þver, en hjartað
 þreyr og deyr við tálið vona,
 líf mitt því með þínum tárurum
 þú hefir eittrað, vesöl kona!

OKT. '66.

UMSKIFTI.

Eftir *Heine*.

—

Það var hér í þessu rjóðri
að þág ég eið að kærni sprundi.
Þar sem hún þá heitt nam gráta,
hvæsir snákur nú í lundi.

Okt.

DAGDÓMARINN.

Eftir *H. C. Andersen*.

—

Ágætis-verkin út níð þú,
en óhræsið hefðu upp í ský!
Gömul að vísu' er saga sú,
en samt er hún ávalt ný.

Nóv. '66.

TIL HENNAR.

I.

Ó! var það eins og mér sýndist,
ástkæra silkilín,
vórn það augun þín ungu,
er áðan litu til mín?

Þá augun þín ásthýru, blíðu
 áðan litu til mín —
 sú minning, svo lengi ég lifi,
 mun ljúfasta unun mín.

Eden býr helg þér í hjarta,
 en himinn í augum þín,
 ástfagra, ylhýra, bjarta,
 inndæla stúlkan mín!

JAN. 67.

II.

Ástin mér brennur í brjósti,
 blíð sem þú meyjja;
 harmsæla hefir í barmi
 hjá mér upp tendrað.
 Æ, eg vil til eilífðar brenna,
 sá eldur er ljúfur!
 Heltu nú olíu' í eldinn
 af ástrikum vörum.

17. FEBR. '67.

III.

Svo sem sævi alda,
 sögi báran kalda,
 lækjar-buna ljúfum nið,
 eins og hitinn eldi,
 eilífð drottins veldi --
 ástmey, bundin erum við!

'67.

SÓLSETUR.

—
 Gekk ég um kveld
 með góðri snót
 glaður grund yfir,
 svanur gól á sundi,
 en sól gykti
 silfur-tæra tjörn.

Röðull hneig
 og við húmi brosti;
 svo ið fagra fer.
 Óskaði' eg þá
 að eins mætti verða
 dauði minn í drotni.

Batt mig ástmeyja
 blíðum armi,
 heitum kossi kysti;
 óskaði' eg þá
 að eins blítt mig kysti
 dauði kossi köldum.

Minuir alt mann
 við moldu feldan
 sinn á dauða-dag;
 og þó er alt líf
 svo ólíkt dauða —
 hvað er alt hjá honum?

Bindur þig ástmeyja
 blíðum armi,

kossi lífs þig kyssir;
 en Hel spennir járngreipum
 hörðum, ísköldum,
 bana ber á vörum.

Hnígur röðull
 og við húmi brosir;
 hann rís aftur úr ægi.
 En lífsins sorg
 og lífsins inndæli
 kemur aldrei aftur.

VORID '67

„*OMNE TULIT PUNCTUM,
 QUI MISCUIT UTILE DULCI.*“

Horatius.

Eftir *Vessel.*

„Bæði' í einu' að gleðja' og gagna
 „girnast skyldi mengi bragna“ —

Hóraz karlinn kvað nú svo.
 Þó vil ég ei þetta kenna
 og þar um ei við nokkurn senna,
 heldur mínar hendur þvo.

Alt svo: ég við engan senni;
 enginn mér því heldur kenni
 um, ef ljóðin líka' ei vel.
 Ég vil að eins setja sögu,

sem ég lesið hef, í bögu,
og söguna ég sanna tel.

Hóraz, þetta' er höldum kendi,
hann fyrir dóttur átti kvendi,
mærin fögur Margrét hét.
Mann þótt Manga ætti öngan,
upphlut sinn hún fann of þröngan,
hún því rýmka haldið lét.

Gengur hún því næst glöð í sinni,
gamlan föður hittir inni,
kynnir honum hvar komið er:
„Kenning fylgt ég því hef þinni;
„þér ég bæði' og ættjörð minni
„gagnað hef, en gamnað mér.

„Löndum mínum landi grædist,
„lítill dóttur-son þér fædist;
„gjörla' eg veit, ég gleð þig nú.
„‘Bæði' í einu' að gleðja' og gagna
„girnast skyldi mengi bragna' —
„svo hefir kveðið sjálfur þú!“

Röðnaði Hóraz rauna-mæddur,
röðna varla ég, sem fæddur
bleikur er, sem blað, á kinn,
þótt um gaman, gagn og fleira
gamnum segi' eg slíkt og meira,
er sjá menn dag hvern út og inn.

NÁHRAFNARNIR.

Eftir dönsku þjóðkveði.

—
 Gekk ég í húmi
 um hrimga storð,
 ýrði úrigt
 el úr lofti,
 kalt var veður,
 klaki' yfir jörð,
 frost og fjúk
 og fannskefli.

Heyrða'g hrafna tvo
 hræsoltna
 krunka kjávísa
 of kolli mínum;
 feigð var þeim í augum,
 í flugi illviti,
 hungur í kvið,
 en hor í beinum.

Heyrða'g annan
 við hinn kveða —
 gall það sem náhljóð
 úr nefi feigspáu:
 „Hvar mun oss, félagi,
 hungurförði,
 saðningsbráð
 solnum kviði?“

Hinn svaraði:

„Um heidar fór ég,
 of firnindi' og fjalldrög;
 und felli háu
 á holurð gaddpaktri
 gat ég að líta
 ferðamann
 fjörvi ræntan.

Enginn veit,
 hve um hann fór;
 hundur hans, Tryggur,
 frá honum strokinn;
 unnusta hans,
 er hann ástum leiddi,
 annan ungan svein
 örmum vefur.“

„Fljúgum, fljúgum,
 fláum ket af þeinum,
 kroppum augastein
 út úr höfði;
 úr lokkum ljósguuni,
 er léku' um vanga,
 skulum við hrafn-ungum
 hreiður gera.“

Flugu náhrafnar
 um fjöll og heiði,
 holu hljóði
 klökudu hræfuglar;
 heyrdá'g af vængja-pyt-

veður í lofti,
feigðar gust
af flugi þeirra.

Sól mun á vori
svellgadd þýða,
en ferðamanns bein
munu bleik og skinin;
hol mun þá hauskúpa
og höfuðbein
höfð að háseti
á hrafna-þingi.

'68.

MEÐAL BLÓMA.
Eftir Kristofer Janson.

Með barn sitt sat móðir í laufgrænum lund
meðal blóma;
hún hló, er hún sveininum hossaði' á mund
meðal blóma;
hún kysti' hann á augað, á ennið, á kinn:
„Æ! ávalt ég sjá vildi hvíldarstað þinn
meðal blóma!“

En lundurinn visnaði, veður blés svalt
meðal blóma;
á líkfjöl lá barnið svo bleikt og svo kalt
meðal blóma.

Móðir batt grátandi' á kistu-lok krans,
 hvílhreit skyldi' hún nú ávalt sjá hans
 meðal blóma.

SUMARID '68.

HÚN ELSKAR MIG.

Eftir *Kristofer Janson*. Lauslega kveðið eftir

Mér geisla' í hjarta sendi sól
 og sumar kveikti hér;
 ég öllum sælli er um ból,
 ég unaðsdrukkinn er.

Mér unaðs-draumar bjuggu' í barm,
 er ból mér vöktu þó;
 svo sárum nístist hjarta' af harm,
 mig hugfrið skorti' og ró.

Þú vaktir alt það, unga drós,
 er áður í hjarta svaf,
 er þinna hvarma lýsti ljós
 og líf þeim draumum gaf.

Það orðum hefirðu' aldrei mælt,
 sem augun tala þín;
 en þau mig varla, víf, fá tælt:
 ég veit, að þú ert mín.

Ó komdu, sorg, ó kom til mín,
 svo kefji' ei sælan mig;

hvað megnar vesall máttur þín,
fyrst, meyjja, ég á þig?

Ó, hvar óblandið, hreint svo gull
í heimi nokkur fann?
Hver æð þér streymir ástar full,
er aldrei bregðast kann.

Þinn gáfu-svipur, fasið frítt
svo fagurt klæðir þig;
Þitt ástar-brosið lýrt og hlýtt
það heillar, töfrar mig.

Þinn hýran kann ég hvarma-rann
sem himinblíðu' um vor
og munn, sem bæði brosa kann
og biðja faðir-vor.

Ó heimur, komi með heimsku' og sorg.
á hólm ég skora þig.
Nú hver vill mína herja borg,
fyrst hún, hún elskar mig?

Ég lífs í teygum löngum nýt
og legg að hjarta þig.
Öll heimsku' og syndar höft ég brýt,
því hún, hún elskar mig!

HAUSTIÐ '68.

BLADA-SKAMMIR.

Blessaður, láttu' ei bíta' á þig,
að baulur hala sletta;
aðra vilja þær eins og sig,
og eins er nú með þetta.

En heldurðu' ei þú hreinsir þig,
ef halanum kýrnar sletta,
sem alla vilja eins og sig? —
Eins er nú með þetta.

JAN. '69.

AFBRAGÐIÐ.

Eftir *Kristofer Janson.*

Hann lék sér sem barn úti' um laufgróinn völl
og sá ljósálfa dansa um holtin öll;
hann dreymdi um englanna himneska her,
sá í hug þá um skýbólstra leika sér.
Ljúf sagði móðirin lágt við barnið sitt:
„Ef lifirðu, verðurðu *afbragð*, hjartað mitt!“

Hann varð nú með aldrinum vænn bæði' og stór,
og verk sitt í heiminum byrja svò fór;
hvört við fjalls-brún hann gekk eða svalan við sæ,
var sem svífandi draummyndir fylgdu' honum æ,
eins og kynja-rödd að honum hvíslaði því:
„Komdu' og vertu *afbragð* heimi í!“

Að vinna fyrir mat sínum—vart kunni' hann það;
 hann var bara skáld, sem að orkti og kvað.
 Vinir hans réðu' honum frá þessu fyrst,
 flestir kváðu skáldskapinn brauðlausa list;
 en gáfuna rækti' hann, sem var honum veitt;
 hann vildi gjörast *afbragð*, eða hreint ekki neitt.

Hann varð svo fátækur, hann leið svo nauð,
 því heimurinn veitti' honum lof, en ei brauð;
 snildarverk mætari' hann gaf þeim, en gull,
 glápti þá þjóðin undrunarfull,
 að því menn dáðust og sögðu með sér:
 „Sér er hvert *afbragðið* maðurinn er!“

Hann grét og hann hló, er svo gumaði þjóð,
 með grátbros á vörum þá orkti hann ljóð;
 þá hlóg og grét skrillinn skáldinu með
 og skatnar sögðu: „Fáum mun slíkt vera léð;
 annað eins höfum vér aldrei fyr séð!
Afbragð eru kvæðin og skáldið með“.

En *afbragð* þótt væri' hann nú, alt eins þó
 á endanum fór svo, að loksins hann dó;
 þjóðin öll syrgði' hann og harmandi hrein
 og blóð niður peningum dauð yfir bein,
 en gullrúnir marmara grafnar voru' á,
 er greindu það dróttum, hvar *afbragðið* lág.

UPPHAFIÐ Á 19. SÁLMI DAVÍÐS.

Himnafesting, höf og jarðar-lönd,
 hæstur drottinn, vegsemd þína róma;
 almættis hve öflug sé þín lönd
 allri' eg heyri' í náttúrunni hljóma;
 dagur lof þitt degi kveður hátt,
 dýrðleg himinljós um þögla nátt,
 lækjar-niður, loftsins fuglar þrátt
 lofa', alls-herjar guð, þinn stóra mátt,
 — þinn stóra mátt!
 '69.

† SKÁLDIÐ KRISTJÁN JÓNSSON.
 (1842—1869).

I.

„Guð er sá, sem talar skáldsins ríust.“
 GÍSLI THORARENSEN.

Ættjörð kær, sem oss barst fyrir hjarta,
 eyjan vor með faldinn bjarta
 og glæsta brún, sem brosir himni mót,
 svölu skýi sveipist heiða bráin,
 syrgðu, gráttu — KRISTJÁN JÓNSSON dáinn!
 Íslands gjörvöll sárt hann harmar sjót.
 Svölu láttu sollnu þrjústi grátinn,
 syrgðu lengi döpur, eyjan mín!
 Þín var ímynd þessi, sem er látinn,
 — það eru fæst af börnum þín!

Mikli guð, vér megnum ei að skilja,
 að megum svo að þínum vilja
 agast hart, sem heitum börnin þín;
 þeir, sem geisla' af guddóm þínum bjarta
 geyma fremur öðrum sér í hjarta,
 lífs ei notið fá né sjálfra sín.
 Hversu margir heimsku' og myrkurs vinir
 hafa þörf frá orðsending frá þér!
 Og spámennirnir, skáldin, þínir synir
 samt svo stutt fá dvalið hér.

Hvað þú, maður, heimskuna talað getur!
 Hygst þú drotni vita betur?

Hans er bezt að hlýtir ráði þú.
 Drottinn hefir hrópað til þín áður,
 þá heyrðirðu' ekki, fávízkunni háður;
 skilur þú þá þessa röldu nú?
 „Einatt skáldin, ædstu spámenn mína,
 er í ég sjálfur bjó, ég sendi þér;
 en aldrei skilið þú hefir vitjun þína,
 þú hefir grýtt þá fyrir mér!“

Við skaparann ei skalt þú, heimur, senna,
 skalt ei drotni þar um kenna,
 sökin þar sem sjálfum hjá þér er;
 heldur eigi honum, sem er liðinn;
 hafa láttu' hann sinni' í gröf þann friðinn,
 sem honum var synjað um hjá þér.
 Það þar víst, hann þekti köllun sína,
 og það hefð' orðið sómi þessa lands

hefir þú skilið, heimur, skyldu þína
og hjúkráð betur æsku hans.

Vóx hann upp sem víðar fögur hrísla,
er vinnur enginn um að sýsla,
þar sem aldrei mjúk að hlúir mund,
við jökulbrún á simbulköldum fjöllum,
fjarri vökva' og lífsyl öllum, —
verður því að visna eftir stund.
Jökulvatnið grætt ei lífið getur,
gefa lítinn varma daggar-tár;
á þessum kvisti' er þannig sífelt vetur
— hann þróast samt og verður hár!

Þótt ei stofni þessum hjúkráð væri,
það ei dvaldi', hann greinar bæri;
lim svo fagurt fáum sást á trjám,
greinarnar hæstu' af gusti' ei beygdust svölum,
þær greinar seildust himins upp mót sölum
og friðarherrans fast sig undu' að knjám.
Heimur tréð er hristi stofni þreyttum,
hönd það öflug studdi, drottinn, þín;
Hel er rót þess hjörvi sneið upp beittum,
herrann dróg það upp til sín.

II.

„Og vinir berast burt á tímans straumi
og blómín félma' á einni hélu-nótt.“

JÓNAS HALLGRÍMSSON.

Þrútnar hjarta, þrengist brjóst,
þungt af harmi stynur;

svona snemma' eg sízt við bjóst
að sjá á bak þér, vinur.

Harmur þungur hrellir mig,
hjartað særða blæðir;
eigi deili' eg þó við þig,
þú sem slær og græðir.

Landið grætur liðinn ná
lista-skáldið spaka,
hlustar nú, en heyra' ei má
heiðar-svaninn kvaka.

Sárt þig horfinn harma víst
hryggir landar mínir;
en eigi þó þig syrgjum sízt
sáran vinir þínir.

Þrengir að harmur, þyngist geð,
það að vita látið
hjartað, sem oss hafði með
hlegið bæði' og grátið.

Heitt í hjarta bjó þér bál,
brjóstið var í funa,
fjörug var þín fagra sál,
fjötrum mátti' ei una.

Heimur sín er herti' að bönd,
svo hjarta blæddi þínu,
frjáls þá fló þín unga önd
út úr búri sínu.

Skáldið vort hné ungur; en
allir það þér sjáid,
að þvílíkir og þessir menn
þeir geta' aldrei *dúid*

Hann er falinn hölda sjón
í himinljóma björtum,
en hans munu lifa lengst um Frón
ljóð í bragna hjörtum.

Lengi nóg sá lifði hér,
lífs er geta náði
frægð um aldur sjálfum sér,
en sóma fösturláði.

III

*„Deim unna'g meir
en meyju sveinn,
manni mæri,
móðir barni.“*

PÁLL ÓLAFSSON.

Syrgi ég þig, vinur,
sem sárast má
vinur vin
vænstan gráta;
fyllist brjóst ekka,
falla mér um vanga
höfug, hreggsár,
hrynjandi tár.

Yngri ég við ungan
ást þig festi;

sú skal fylgja mér
fram til grafar,
— fram til grafar?
Nei, feti lengra,
unz ég þig aftur
í eilífð sé.

Fái' eg Austurland
aftur að líta
og hvarmljósum
Hofs-garð leiða,
vittu þá, vinur,
að vinar-tárum
leiði þitt
mun laugað verða.

Sofðu nú, vinur,
í sælli ró!
Líða mun ég héðan
eftir litla stund,
góðvin minn að hitta,
gaman verður það!
Vel sé þér, vinur minn,
vertu nú sæll!

ÍSLENDINGA-BRAGUR.

(Sumarið 1869).

Vakið, vakið! verka til kædur
váleg yður nú skelfinga-tíð!

Vaknið ódeigum ýmishug meður:
 :: ánaud búin er frjálsbornum lýð! ::
 Þjóðin in arma, in hamingju-horfna
 heillum og frelsi vill stela oss frá
 og niðings-valdi hygst oss hrjá,
 hyggur okkur til þrælkunar borna.
 Án vopna viðnám enn
 þó veitum, frjálsir menn!
 :: og ristum Dönum naprast nið,
 sem nokkur þekki tíð! ::

En þeir fólar, sem frelsi vort svikja
 og flýja' í lið með niðinga-fans,
 sem af útlendum upphéð sér sníkja,
 :: eru svívirða' og pest föðurlands! ::
 Bölví þeim ættjörð á deyjanda degi,
 daprasta formæling ýli þeim strá,
 en brimrót, fossar, fjöllin há
 veiti frið stundar-langan þeim eigi!
 Frjáls því að Íslands þjóð
 hún þekkir heims um slóð
 :: ei djöfallegra, dáðlaust þing,
 en danskan Íslending! ::

Lúta hljótum vér lægra í haldi,
 lýtur gott mál, því ofbeldi' er ramt;
 en þótt lútum vér lyddanna valdi,
 :: lútum að eins nauðugir samt! ::
 Frelsisins sjálfir ei flettum oss klæðum,
 frjálsir vér samþykkjum aldregi rangt,
 því víst oss hefnt þess verður straungt;

von um uppreisn oss heitt brenni' í æðum!
 hvað óhefnt enn er geymt,
 skal ekki verða gleymt!
 ∴ Því ristum Dönum naprast níð,
 sem nokkur þekki tíð! ∴

SMALAVÍSUR.

Gaman er um holtin há
 hlaupa kring um ær í haga;
 man ég alla mína daga,
 fyrsta sinn er sat ég hjá;
 undur-vel lá á mér þá,
 helzt ég vildi hlaupa' í sprett
 Stadarheiði austur alla
 upp að Halaklett.

Kleif ég frá um kletta' og hlíð,
 krækiberjum sokk ég fylti,
 en um féð mig einu gilti,
 alt fór það á dreif og víð.
 Sú var inudæl sumartíð,
 fagurt var um foldarból,
 gott var uppi á Grenishjalla,
 glatt skein fögur sól.

Halaklett ég upp komst á,
 enn þá koman þar mig gleður,
 þá var hjart og bezta veður,

í æðum!
 út um hafid alt ég sá,
 sá á Papey suður þá,
 eygði svo í einum svip
 fjörutíu franskar duggur,
 fimtán róðrar-skip.

Nú var farið fêð á rás,
 fljótt ég niður kleif í skyndi,
 léttur rann sem lauf í vindi,
 hljóp í spreng með mæði' og mäs,
 stóð loks við á einum ás:
 „Táta, fram hjá! tók ó-sein,
 ef þú fêð mér færir aftur,
 færðu roð og bein!“

Táta gamla títt við brá,
 teygði lappir, skrokkin þandi,
 það er hunda' á hlaupum vandi;
 þegar kvífêð þetta sá,
 hrökk það upp við hundsins gá,
 stökk til baka beinan veg
 upp í hvamm og út sig breiddi,
 eftir tölta ég.

Síðan kyr í laut ég lá
 litinu bak við smalakofa
 í forsælunni' og fýsti' að sofa,
 fór ég til að snæða þá,
 tók úr barm mér eftir á
 bók og las um litla stund,

síðan loks ég saddur festi
sætan miðdags-blund.

'69.

HAUSTVÍSUR 1869.

Karlmannlegt og kalt er nú,
kominn snjór og vetur,
harðnar nú um hölda bú,
herðir þó að betur.

Úða-þoka ekki hlý
ýrir dropum sínum;
drúpir og yfir dimmleitt ský
döprum huga mínum.

Man ég þá í vor eð var
völl tók undan snjóum,
ísum lagðan leysti mar,
lóa kvað í móum.

Þána* hugði' ég þá með mér
þannig mundi bráðum
klaka-stjórnin köld, er vér
kennum af Dana ráðum.

Sumars mundi sólin hlý
senda geisla skæra

*) Þána = þiðna.

hjartað mitt ið hrelda í,
hressa það og næra.

Vonin brást mér þessi þá;
það fór nú til svona.
Það er valt að ætla á
óvíst talið vona.

Ólán mitt er endalaust,
engin von mér lifir,
dregur él og hrímkalt haust
hjarta dapurt yfir.

Hvergi sést á himni rof,
hann er næðingslegur!
Svartan flóka einnig of
Íslands frelsi dregur.

Æ, HVAÐ VILTU MEIR?
(Eftir *Emil Aarestrup*).

Hefirðu eigi það alt til að bera,
alt það sem vant er menn helzt líti á —
og augu tvö svo unaðsrík, fögur?
Ástmey kær, æ, hvað meir viltu þá?

Um augun þín, svo yndisleg, fögur,
augun þín saklausu, guðfögur, blá,
eg hef sungið ótalmörg kvæði —
Ástmey kær, æ hvað meir viltu þá?

Með augum þínum — ó! bara' í gamni! —
 með augunum saklausu gjörðir mig þú
 eyðilagðan, lifandi dauðan —
 Ljúfast ástmey, hvað meir viltu nú?
 '69.

ÞORRABLÓTS-VÍSUR.

(Sungnar í samsæti á fyrsta Þorra-dag 1870).

Lífð er svo langt,
 leiðist þeim, sem strangt
 eiga móti straumi þess að stríða.
 Alt of stutt það er,
 æ það finnum vér,
 er það vill ei eftir okkur bíða;
 gleði-stundir stormi hráðar líða.

En ið sanna er,
 að á fáum vér
 eigum ráð af stuttum lífsins stundum;
 því vér köllum kross
 hvern þann tíma', er oss
 eigi glaum og gleði' við vér undum;
 öllum hinum óska lengri mundum.

Þetta Þorra-kvöld,
 það skal vita öld,
 það er eitt af þeim, sem ráð á eigum.
 Því skal þess vel gáð,

í gamni!—
g þú
í?
'69.

það eitt er oss ráð
að nota það sem mest og bezt vér megum
og gleðjast allir gullnum himinveigum.

Ofar skýjum skín
skæra gleðin mín,
leikur öndin létt sem fis í vindi.
Betur ár og öld
eins og núna' í kvöld
sérhver stund oss ávalt léki' í lyndi.
Einskis framar óska reinn þá myndi.

Drekkum allir út!
Öll mun druknuð sút
þá vor loksins ófullur er engi.
Það skal endir óðs
öllum biðja góðs;
helzt þó sérhver óski', í góðu gengi
að sjálfur megi' hann lifa vel og lengi!

CRIMEN LAESAE.

Þeir ljúga því, ég látið hafi' í blað
lastyrði til kóngsins *majestatis*;
í *crimen* er ég kominn alt um það,
í *crimen laesae* — *bestialitatis*.

25. Marz '70.

M Æ Ð A.

—
 Aldrei hljóta' af argi frið,
 enga bót fá meina,
 heimska þrjóta' að þreyta við —
 það er ljóta gamanið.

20. MARZ '70.

—
 † CARL OLE ROBB
 kaupmaður.

(Undir nafni yngra bróður hans).

—
 Stutt er dvöl
 í stundar-heimi,
 líður líf
 fyrr en lýði varir
 sem hvirfilbylur
 um haf strjúki,
 ljómi leiftur
 um loftboga.

Hvað er lífið?
 Ljós, sem sloknar —
 blásin bóla,
 sem brestur og hjadnar —
 boði, sem brotnar
 á bana ströndum —
 hjóm — hégómi —
 hrapandi stjarna.

Hvað er þá að syrgja
þótt sofni vinur,
maki' eða bróðir?
Bindizt harma!
Hver má hölda,
þótt hann hraustur sé,
eðli sitt
yfir stíga?

Hví skyldi hryggur
harms of bindast
og ástvin liðnum
ei offra tárur?
Trúrrar ástar
eru þau trygðapantur
og brenniförn
blíðra hjartna.

Nei, gráta skal ég,
því að guði þóknast
sorgar-tár
saklauss hjarta;
gráta skal ég,
því að guði nær
hjarta mitt
harmur færir.

Grænum sverði
því græt ég hulinn
blíðvin tryggastan,
bróður kærastan,

máttarstaf
 minna daga,
 ástum heitast
 er ég unni mest.

Vernd varstu' og aðstoð
 vandamanna,
 þjakaðra huggun,
 þreyttra styrkur,
 valinkunnur
 þeim er við þig skiftu,
 hverjum kær,
 er þig kenna náði.

Slíkt var þér ættgengt
 því á Ísafróni
 ætt vor lengst
 svo unnið hefir,
 rausnarstórir,
 risnumiklir
 ættmenn allir
 hver af öðrum fram.

Einn ég ættstuðill
 eftir stend
 af forfeðrum vorum
 til fólðar hnignum;
 ó, mætta'g feta
 í fótspor þeirra,
 er fyrirmynd
 svo fagra gáfu.

Í g
 gul
 log
 ljú
 un
 ekt
 eld
 gli
 sör
 gul
 álf
 ást
 ná
 alt

Kveð ég þig hinstri
 kveðju, bróðir,
 ástar-þeli,
 þakkar-huga.
 Vittu', að um aldur
 skal ekkert þína
 minning má
 mér úr hjarta.

'70.

 T Á R.

Í grænan lund ég gækk á sumar-kveldi,
 gullin fyrr en hnigi sól í ægi;
 logn var úti, lauf á kvisti' ei þærðist,
 ljúfri ró var náttúran öll sveipað;
 unun fannu ég anga' af hverju strái,
 ekkert ský sást lofts um heiðan boga,
 eldrand sól í vestri gullnum geislum
 glitfaldaði haf og lund og eyjar;
 söngfluglar á greinum kváðu gladdir,
 gullin blóm til værdar höfuð beygðu;
 álfröðuls þeir unaðskæru geislar
 ástarbros þeim himinvakið sendu;
 náttúran svo alein alt num töfra,
 alt var sveipað værd og ró óg friði.

Ég gekk einn með harmi særðu hjarta
 hugardapur, örvæntingar-fullur;
 menn og heim með hatri' og fyrirliðning
 horfði' eg á af rústum vona minna.
 Hafði' eg ekki heljartökum þrýst mér
 heimsins fast að táli slungnum þarmi?
 Hafði' hann ekki hart mér frá sér kastað,
 hrundið mér í fordjúp örvæntingar?
 Hafði' eg ekki hundrað bragða leitað,
 hugsanlega vegi prófað alla,
 að þeim stað svo braut mér fengi' eg brotið,
 borinn til sem var ég á að standa?
 Eg var frá þeim arfi mínum hrakinn,
 alla vega flæmdur burt úr vegi;
 og á meðal allra þeirra manna,
 er mér brosa við á degi hverjum,
 slær mér ekkert, ekkert trygðar-hjarta,
 ekkert hjarta', er nefnt ég geti *vinar*.
 Þegar fótum fyrri' á götu sinni
 finna þeir mig, orm einn sundur troðinn,
 einhvern kannske hryllir, yptir öxlum,
 engum meðaumkvunar-tár þó hrýtur.
 Æ, nei! meðal allra þeirra manna,
 er ég brosa sé á hverjum degi,
 mér slær einum ekkert *vinar*-hjarta,
 ekkert hjarta — nei, og ekki' hennar,
 sem ég ann og eina fyrir lifi;
 að eins vegna hennar ég hef barizt;
 arf minn að eins hennar vegna' eg heimti;
 hennar vegna' eg lifi' ei, nema' eg sigri;
 að eins vegna hennar deyja hlýtt ég,

hennar án því lifað ekki get ég;
 upp til hennar aldrei líta þori' eg,
 aldrei, fyrr en ég get litið niður.

Hjarta mitt var þannig sollið sorgum,
 sinni mitt fékk náttúran ei blíðkað;
 hryggju brjósti' eg hvergi mátti létta,
 harmabál mér tárin brendi' úr augum.

Í því varð mér ögn til hliðar reikað,
 upp ég leit og við það sá ég nokkuð;
 það var rós, sem forkunnar var fögur,
 fríðast blóm í öllum þessum lundi.

Blómið lá í brekku lautar grænni,
 beygði fagurt höfuð móti sólu.

Það var mær í blíðum æsku-blóma,
 í bók hún las og studdi hönd und enni;
 frá hlið ég sá í sólargeisla blika
 silfurtár í auga himinfríðu.

Það var himnesk sjón að sjá og skoða;
 sæll er hver, sem líks má fá að njóta.

Fyrst þá lengi frá mér numinn stóð ég,
 furðaði' að ég var í þessum heimi;
 gat ei hugsað, hvað ég skyldi gjöra,
 hljóðlaust varð mér ósjálfrátt að læðast.
 Þá, sem áður þorði' eg ei að nálgast,
 — það var hún! — ég læddist nú að henni;
 af mér hét hún ekki vissi, fyrr en

um öxl hennar á bókina ég gægðist.
 Augum mínum ætlaði' eg varla' að trúa,
 eftir mig var bókin, sem hún las í;
 kvæði sá ég hún þar lesið hafði,
 hafði tárfeitt yfir mínum ljóðum.

Úr hjarta mínu hvarf á samri stundu
 hatur, dramb og örvænting og hroki;
 ásmegin með ást ég fann mér vaxa,
 auðmýktin ég fann mig sterkan gjörði.

Af ljósri brá ég burtu tárin kysti,
 blíðri meyju fast ég þrýsti' að barmi;
 hægt ég grét, en harmaði' ekki lengur,
 hvarm ég vætti sælum gleði-tárum;
 þrjóst mitt eigi sorg nú lengur særði,
 sakleysið því með mér hafði grátið.

20. Maí '70.

AFMÆLISVÍSUR

til Kristjáns Eldjárns Þórarinssonar.

Nei, sko! Nei, sko! Hver skrattinn þarna stendur?
 Svo skringilega sjón ei fyrir ég leit.
 Það er hann Eldjárn, ofurlítið kendur;
 og á því hvernig stendur, það ég veit;
 því fyrir mörgum, ótalmörgum öldum
 á einmitt sama degi sem er nú,

þá skeði svo, að heilsaði' Eldjárn höldum,
við heiminn sagði' hann: „Lagsi, sæll vert þú.“

Og heimrinn tók að hlæja strax og flissa,
er hann leit þessa makalausú sjón;
og þar stóð Eldjárn undrandi og hissa,
því alheimurinn lét rétt eins og flón.
Þá setti' hann á sig svipinn alvarlega,
og svo hló veröld alt af meir og meir;
hann andlitinu alla breytti' á vega,
á alla starði' — og sífellt hlógu þeir.

En forsjónin, sem heimi gott alt gefur,
oss gefið hefir þennan stóra mann,
sem alla jafna hlátur vakið hefur
hjá hverjum einum, sem hann líta vann;
hún sá, að vel við heiminn Eldjárn átti,
og Eldjárn vegna þess hún svo til bjó,
að óhlæjandi' hann auga líta' ei mátti,
en eyra heyra miklu síður þó.

Nú óskum vér þér, Eldjárn, vinur góði,
þú enn þá lifir margar aldir til,
og unz þú loksins skýlt í hníkka-lyfði
úr heimi burt, þér gangi alt í vil.
En Eldjárns semu' að séu dagar taldir,
mér sýnist ekki vert að kvíða því;
því *gledin* lifir allar hnjms am aldir —
og Eldjárn þarf hún til að lifa í.

31. MAI 1970

OF MANI

MÓTLÆTI.

—

Gæfunnar er hverfult hjól,
heimur það mér sýnir;
fokið er í flestöll skjól,
fækka vinir mínir.

En lítt mun ráð að lækka sig
né láta undan síga;
heimrinn mun þá hrækja' á mig,
á hálsinn á mér stíga.

Enginn sér það ögn á mér,
á mér láti' eg festa;
bezt mun vera', að barma' ei sér,
en búast í það versta.

Einn þú sér, hvað eg nú ber,
allra stýrir láða;
en hvað ég geri' og hvernig fer,
hamingjan má ráða.

7. OKT. '70.



FLÓTTINN TIL NOREGS.

(1870—'71).

KVEÐJA TIL ÍSLANDS.

10. Okt. 1870.

*„Það er hart, að hrada sér í haf frá löndum,
þar sem hjartað eftir er í ástar-böndum.“*

SIG. BREIDFJÖRD.

Íslands tíndar sökkva' í sjá
sjónum fyrir mínum;
skyldi' ég oftar, Frón, ei fá
faðmi sveipast þínum?

Hart er að verða' að flýja frá
fósturlandi sínu;
sorg ég kenni sára þá
svella hjarta mínu.

Ó hve mjög ég elska þig,
ættarlandið góða,

sem í fadmi fæddir mig,
fóstran minna ljóða.

Brjóstum þínum er nú á
enginn gridastadur;
þér með leynd ég laumast frá
líkt og glæpamaður.

Hvað hefir mér þá orðið á?
Ég unni landi mínu
og þögull eigi þoldi' að sjá
þess á smán og þínu.

Ættjörð mín, ég elska þig
eins og heitmey fríða.
Ættjörð mín, það angrar mig,
er ég veit þig líða.

Eg þá græt, er annars lands
ágang þú mátt líða;
svipu-höggin hardstjórans
hjarta mínu sviða.

Svona' að kenna þrældóms þíns,
það er hart að bera,
og í blóma aldurs síns
útlægur að vera.

Astmey, frændur, vini vel
verndi drottinn blíður!

Fagra ættjörð, fardu vel!
frá þér skipið líður.

Á LEIÐ TIL NOREGS.

Þá er fjöllin á Austfjörðum sáust.

Einu sinni eum mig sárt til langar,
ef ég mætti finna ró,
um þær kærur, gömlu stöðvar ganga,
gráta þar sem fyr ég hló.

11. OKT. '70.

ÍSLENDINGA-HVÖT.

Orkt í Noregi í Janúar 1871.

Hvað á landið lengi' að stynja
leiðri Dana þrælkun í?

∴ Þruma' og elding þarf að dynja,
þjóð svo verði' úr ánaud fri! ∴

Hvað á þola þetta lengi,

þý að kúgi frjálsan lýð?

Víst er mál fyrir vaska drengi

veglegt byrja frelsis-stríð!
 Víst er mál fyrir vaska drengi
 :: veglegt :: byrja frelsis-stríð!

Lengur þig í doda' ei dreymi,
 dáðum kunna móðurþjóð!
 :: Blóð í æðum brennheitt streymi,
 í brjósti logi frelsis-glóð! ::
 Lífi þér í hug og hjarta
 heilög trú þíns réttar til!
 Frelsis-sól þú sjá munt bjarta,
 um síðir gengur alt í vill!
 Frelsis-sól þú sjá munt bjarta
 um síðir.
 Seinast gengur alt í vill!

Móðurföld í kúgun kvalda
 með köldu blóði megum sjá;
 :: þræla henni' í þrældóm halda
 þolgóðir vér horfum á! ::
 Fram í dapran dauða sjáum
 dregna vora göfgu þjóð.
 Það er meira' en þolað fáum,
 þó það gildi líf og blóð!
 Það er meira' en þolað fáum,
 :: þó það :: gildi líf og blóð!

Ef vér neyðumst valdi' að verja
 vorrar þjóðar líf og rétt,
 :: trygð vér skulum sannleik sverja;
 svo mun alt oss verða létt! ::

Spyrjum vér um orku eigi;
 aflið sannleik drottinn ljær!
 Teljum fjanda fjöldann þeygi;
 fækka þeim er langt um nær!
 Teljum fjanda fjöldann þeygi;
 ;: fækka ;: þeim er langtum nær!

ÚTI Í SKÓGI.

Ó sælt er að ganga í grænum lund'
 úti' í skógi!
 og armi að binda broshýrt sprund
 úti' í skógi!
 Hér er svo fagurt, svo yndislegt,
 svo unaðsrikt og skemtilegt
 úti' í skógi!

VORID '71.

HEIMA.

(1871—'73).

† GUÐMUNDUR stúdent JÓNSSON

*„Í einu brjósti
„ek sák aldri-gi
„fleiri forna stafi.“
Í einu hjarta
vissag aldregi
fleira fagurt vera.*

Sem um álfá-bý
örskots-fjóst
almyrkvist röðull
á augabragði,
sunnu gleði
svarður flóki
sárrar sorgar
í svipi fól.

Þú varst, Guðmundur,
er guð nú tók,
guðmundur sannur
í gumna heimi,

vilji og kraftur,
vit og gæði
valið saman
sem má verða bezt.

Alt, sem var satt,
því unnir þú;
alt, sem var gott,
þitt góða hjarta
ástum elskaði
og öllu fögru
opið var;
slíkt var eðli þitt.

Ei var manns-efni
árum saman
annað betra
á oru landi;
gott hjarta' og gáfur
var þér gefið jafnt
í fullum mæli
svo sem framast m .

Sátum saman,
sá ég þig teyga
úr mætra vísinda
Mímis-brunni;
var sem þér lýsti
ljós af hvarmi,
ímynd fegurðar
anda þíns.

Fjöld við ræddum
 um fagarar mentir
 og um ástkæra
 óðalfoldu,
 en þér blossandi
 brúna-röðuls
 skærir geislar
 þá skínu glatt.

Slokkinn er nú eldur
 augna þinna,
 fjörs þíns myrkvað
 ið fagra ljós,
 út er nú brunnid
 bál þíns hjarta,
 geislar brostnir
 gáfna þinna.

Ísland! Ó, Ísland,
 sem vér unnum mest,
 óhamingju þinni
 verður alt að vopni!
 Hálfproskuð fölna
 þau in fríðu blóm,
 en feysknir hjara stofnar
 til foráttu.

Ó þú drottinn vor
 áyrðarrikur,
 þú, sem Guðmund
 oss gefið hafðir,

sástu það eigi,
að oru landi
var ei vanþörf
á vænum syni?

Jú! En drottinn vor
dýrðarríkur,
sem oss Guðmundi
svíft nú hefir,
veit það betur,
en vér, hvað henti
honum og oss,
sem hann hörmum nú.

Varst þú of góður
vorum heimi
og hlautst því ungur
inndælli vist?
Það vér ei vitum,
en því vér treystum,
að vér eitt sinu
þig aftur sjáum.

Þótt vér í harmi
huggun finnum,
hörmum vér lengi
og hörmum sárt.
Ó, gott er að gráta
og guði færa
helga fórn
harma-tára.

Undu þá, Guðmundur,
 hjá alda-föður;
 ást og tár
 þér allra fylgja.
 Sé þér vær
 svefninn hinsti.
 Gefi þér drottinn
 góða nótt!

'71.

KVÖLDROÐI.
 Kveðið á Kaldadal.

Loftið raudri litar glóð
 ljóminn sunnu skæri.
 Fagurt væri', ef bana-blóð
 böðla Fróns það væri.

8. ÁG. '71.

KVEÐJA
 til séra Kr. Eldjárns Þórarínssonar,
 prests á Stað í Grindavík.
 Sungin í samsæti daginn eftir að hann vígðist.

Nei skol ha-hæl!
 Í öllum heimi slíka sjón ei séð ég fæl!
 Vér undrumst fast:

vor vinur Eldjárn farinn er að „forpokast!“
 ∴ Í gær ég hló, ég græt í dag,
 það gengur svo með ýmt slag.
 Glatt glymjum lagt ∴

Hver hugði það,
 að okkar mundi samvist enda svona' í stað?
 Eins og í gær
 er stund sú nú, er saman fyrsta sátum vær;
 ∴ þá glóði vín á vænni skál,
 en vinar lét í eyrum mál —
 Var það þá tál? ∴

Nei, nei! Nei, nei!
 Þótt heimar bæði' og himnar sporlaust hverfi: Nei!
 Nei, nei! Nei, nei!
 Í gráti', í sollí', í gleði', í sorg þér gleymum ei.
 ∴ Hver sýndi' oss tryggast hjarta' og trú?
 Hver hlátur beztan vakti' oss? — Þú!
 Já, það varst þú! ∴

Að tæpa þér —
 ja, það er spurning, það hvort eigum þola vér!
 Það drottinn er,
 sem vorum út úr hópi náð nú hefir þér.
 ∴ Svo þegjum vér þá: — en ef að
 neiun annar hefði slíkt vogað,
 ei þyldum það! ∴

En ég veit meir:
 þó klerkurinn sálist, Eldjárn minn, þú aldrei deyr;

því *aeternus*
 mun gleðinnar um aldir lifa *genius*,
 ;: og bústað í þér hlýtur hann
 að hafa, því ei finna kann.
 neinn slíkan mann. ;:

Nú okkar hver
 af öllu hjarta samvistirnar þakkar þér,
 og *aeternus*
 vér í þér biðjum gleði verði *genius*.
 ;: En Grindavíkin gefi þér
 nú guðs-blessun og fisk í ver
 og ket og smér! ;:

28. Ág. '71.

 STEFNA.

Þótt heims mér hverfi gæfa
 og haturs vaxi megn,
 ef heimskan hæst vill gnæfa,
 ég henni snýst í gegn;
 þótt vinir frá mér flýi,
 mig fyrða smái sjót,
 æ landsins smán og lygi
 ég legg minn kraft á mót.

Nóv. '71.

BÆNARSÁLMUR.

Það kann ég ei, ó herra, hylja,
sem hafsdjúp stór að synd mín er;
en tak þú mildur veikan vilja
í verka stað, minn guð, hjá mér;
þú veizt, að ekki vil ég ilt,
þótt var þótt sigri eðli spilt.

Þótt sæ mér þúi synd í sinni
og sigri freisting veikan mig,
þá munt þú, herra', af mildi þinni
þeim miskunna, sem biður þig.

Hver stór sem er in stærsta synd,
er stærri samt þín náðar-lind!

24. Des. '71.

ÁLFASÖNGVAR.

Á gamla-árs-kvöld 1871.

ÁLFADANSINN.

EINN:] Máninn hátt á himni skín
hrímfölnur og grár.

Líf og tími líður
og líðið er nú ár.

ALLIR:] *Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.*

*Glottir tungl, en hrín við hrönn
og hratt flýr stund.*

Kyndla vor hefjum hátt,
 horfið kveðjum ár.
 Dátt vér dansinn stígum,
 dunar ísinn grár.

Bregðum blysum á loft, o. s. frv.

Nú er veður næsta frítt,
 nóttin er svo blíð.
 Blaktir blys í vindi,
 blaktir lif í tíð.

Bregðum blysum á loft, o. s. frv.

Komi hver, sem koma vill!
 komdu, nýja ár!
 Dönsum dátt á svelli,
 dunar ísinn blár.

Bregðum blysum á loft, o. s. frv.

Fær þú unað, yndi' og heill
 öllum vættum lands.
 Stutt er stund að líða,
 stígum þétt vorn dans.

Bregðum blysum á loft, o. s. frv.

Fær þú bónda' í búíð sitt
 björg og heyja-gnótt.
 Ljós í lofti blika,
 líður fram á nótt.

Bregðum blysum á loft, o. s; frv.

Gæðir veittu', en flýi frost;
 fiskinn rektu' á mið.

Dunar dátt í svelli,
dansinn stígum við.

Bregðum blysum á loft, o. s. frv.

Framför efldu; fjör og líf
færða til vors lands.
Stutt er stund að líða,
stígum þétt vorn dans.

Bregðum blysum á loft, o. s. frv.

Máninn hátt á himni skín
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður
og líðið er nú ár.

*Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.*

*Glottir tungl, en hrín við hrönn
og hverfur stund.*

BRAUTFÖRIN FRÁ DANSINUM.

EINN:] Dans er hættur; höldum brott!
hér var svell að dansa' á gott.
Heim er mál að halda nú;
höldum lengra, flytjum þú.

ALLIR:] *Yfir frer.*

förum vér.

Fagurt er

á landi hér!

*Fögnum ári nýju nú;
nýtt vér skulum reisa bú.*

Kyndlum vorum höldum hátt;
heitt er loft og fagurblátt.
Ljóma fögur ljósin blíð,
lýsa myrkva Skuldar tíð.

Yfir frer, o. s. frv.

Skygnumst gegn um Skuldar tjald:
Skartkonu ég sé með fald;
geislar standa' af Þjartri brá,
blikar sólin faldinn á.

Yfir frer, o. s. frv.

Fjöllum mænir hærra hún,
hulda' á jökla skrifar rún
logandi sem leiftri sól,
ljómar af um. haf og ból.

Yfir frer, o. s. frv.

Frelsis-gyðjan helg og há
heima' í vorum fjöllum á;
aldrei flútti' hún burt sitt bú;
blítt hún svaf; hún vaknar nú

Yfir frer, o. s. frv.

Allar standa henni hjá
helgar vættir landi á;
allar glaða bera brá,
blikar sólin faldinn á.

Yfir frer, o. s. frv.

Græna sólin gyllir blíð,
 góð mun verða' í landi tíð.
 Sé ég eld og andans gléð,
 afl og fjör og kraft hjá þjóð.

Yfir frer, o. s. frv.

Nú er ég glaður; nóg ég sá.
 Nú er gaman landi á.
 Álfum, mönnum blikar blíð,
 broshýr, fögur, sælli tíð.

Yfir frer, o. s. frv.

Mál er að halda' í hólinn inn,
 heið og björt er framtíðin.
 Blysin hátt vér hefjum nú,
 huggladdir vér flytjum bú.

Yfir frer

förum vér.

Fagurt er

á landi hér!

Fögnuð ári nýju nú;

nýtt vér skulum reisa bú.

31. Des. '71.

VANANS AFL.

Oft í lífi' ei léð var mér
 lán og gæfan blíða;
 því af vana' eg betur ber
 þöl og harma stríða.

FEBR. '72.

Á SKYTNINGI.

Eintal náungans við sjálfan sig.
Leiksviðið er drykkjustofa á skytningi

1. atriði.

Náunginn [reikar um gólfid]

1.

Enn er klukkan ekki tólf,
enn þá má ég drekka!
arkað get ég enn um gólf,
enn þá mælt við rekka.
Það er óhætt! enn ég vil
drekka eitt glas bara til ...

[Kallar fram:]

∴ Eitt glas til! eitt glas til! ∴

[Sem fyr:]

Á mér sér það ekki
eitt glas þó ég drekki.

[Dettur ofan á stól, sem stendur hjá borði].

2. atriði.

[Gridkona á hvítum, skitnum kjól kemur inn með
púnskollu og setur á borðið hjá Náunganum;
síðan fer hún út aftur].

Náunginn [fálmar eftir glas-
inu, en finnur það ekki.]

2.

Hvað er þetta?

[Finnur glasið:]

Hana nú!

hérna kemur glasið;
með það kom hún baugabrú —
blítt er á henni fasið —

[Bergir á:]

Svei! hvað sára-dauft það er!

[Skygnir glasið við ljósið:]

alveg sama lit það ber,
;: lit það ber, lit það ber;:
sem hennar hvíti kjóllinn

[Stingst á höfuðið á gólfid og liggur þar:]

Hana! Þar fór stóllinn!

3. atriði.

Næturvörðurinn [hrópar fyrir
utan gluggana:]

„Hó, hó! Næturvörðurinn!

Klukkan er tólf!

Vindurinn er logn!“

Náunginn [liggjandi á gólfinu:]

3.

Klukkan er þá orðin tólf,
enn er ég að dfeikka,
byltist hér nú blautt um gólf
brennivíns með ekka.

Ég er orðinn heldur hýr —
alt í hring snýst — vitið flýr —
;: Vitið flýr — vitið flýr — ;:
flýr, en fjör vill dofna,
fer ég því að sofna!

[Sofnar og fer að hrjóta].

[Tjaldið fellur].

FEBR. '72.

„EFTIR Á KOMA ÓSVINNUM
RÁÐ Í HUG.“

Varlegar þá víst ég stýra skyldi
voðastraumi lífsins í,
ef mér leyfa ljúfur drottinn vildi
líf mitt aftur byrja' á ný.

MARZ '72.

KOSS.

Lof mér þig að kyssa, kæra;
kystu skáldið, unga fjóð!
Þökk fyrir kossinn, meyjan mæra,
mikið varstu núna góð!

23. APR. '72.

HJARTASORG OG HORFIN ÁST.

Eitt hjarta-sprengjandi harmaveins-gal um
frost og ást og fylliri; hver fyr nefnd og vel
nefnd ást að horfin er úr högum sem húðar-
bykkja strokvis og á glatstigu gengin, og veit
enginn, hvað af er orðið, en sem líklega hef-
ir frosið í hel sem Repp á Grindaskörðum,
og má halda hánni til skila til skáldsins, ef
finst. — Hamrað saman í höfði þess listuga

skálds Kolbeins kvennholla af tuttugu timbur-
mönnum í tólf gráða frosti.

Gengur upp á þá sorglegu „melódíu“:
„Heim er ég kominn og hallu' undir flatt.“

Úti var samkvæmið. Alt bjóst nú heim
og Ástu ég fylgja var beðinn;
ég var sælasta skepna í skaparans geim,
það skein líka út úr mér gleðin.

Því ástfangin gerði mig Ásta það kvöld,
og svo ásthýr mig fylgja sér beiddi.
Var það stund, var það dagur eða' ár, var það öld
eða' augnablik, hana' er ég leiddi?

Ég veit ekki'. Af víni og ást var ég ör,
en inndælt var leiðina' að þræða,
og andaðrar sálar ei sælli mun för,
er hún svífur frá jörð upp til hæða.

Við gengum ei jörðina', en liðum svo létt
sem lauf berist hægt fyrir vindi;
sem fíðrildi svífi' yfir sólfagran blett
við svífum í dráumglöðu lyndi.

Að húsi' hennar heim þannig svífum við svo;
en hvað sorgin þá hjarta mitt nísti,
að verða' hana' að kveðja — og kossa því tvo
ég kysti' hana' og hönd hennar þrýsti.

Hálfleimin varð hún og hálfkrýtin fyrst,
og hugði' að, hvort neitt sæist á mér,

en svo varð hún bálvond og sáryrt og byrst
og sveiði' og hljóp burtu frá mér.

Ég varð svo sneypur og iðradist þá,
og ekki þar lengur ég tafi;
hvað af þessu leitt gat, ég ofurvel sá:
hennar ást kannske' eg fyrirgjört hafði.

Og ástfanginn var ég nú enn meir en fyr,
og áfram svo heim til mín gekk ég;
þótt hálfullur væri ég, hússins á dyr
með herkjum þó ratað samt fékk ég.

En heima var frost og svo fúlt og svo kalt,
að fáir slíkt af bera mundu,
og heimafólkið var háttað alt
og hraut fyrir all-langri stundu.

Tungl skein í heiði' yfir hauður og gljá,
svo hvergi bar nokkurn á skugga;
út því mig langaði' að svipast og sjá,
ég setti mig því út við glugga.

En hélað var glerið, og hver mundi þá
geta horft gegn um íslagðar rúður?
Með hnífsoddi rissaði' eg rúðurnar á
og reit þar á nafn minnar brúður.

Eg skeytti kuldanum alls ekki hót,
ég ætlaði' á fótum að þreyja;
ég hugrauna vonaði brátt að fá bót,
ég brátt mundi' af örventing deyjja.

Af hugraun í æskunni hitnar vort blóð,
er hjartað er nærri því brostið;
en allheit má vera sú ástabáls-glóð,
sem ei sigrar tólf gráða frostið.

Til hvíln því lagdist ég hernesjúkur þá,
en hét mig að skjóta með degi;
en enn þá ég lifi, sem allir menn sjá,
af því ég gerði það eigi.

Draumlaust til næsta dags sætt af ég svaf,
í sudri skein röðull um hliðir;
hádegi fyrst þegar hallaði af,
af hending ég vaknaði' um síðir.

Ég vaknaði við það, hvað hátt að ég hraut,
og mitt hjarta var alls ekki brostið,
en ástin með vinnunni öll var á brant
og alpítt af glugganum frostið.

Einatt það síðan ég ihugað fæ,
hví hafi' ástin svo brátt úr mér farið;
og það sama hjá mér verður ofan á æ
að í Ástu var' sárlítið varið.

Ég kysti' hana' að vísu. En því leyfði' hún það?
Og því varð hún eftir á hissa?
Því reiddist hún þá ekki þegar í stad
þegar ég vildi' hana kyssa?

Það þoldi' hún mér brosandí', og það held ég klárt,
að þolað mér hefði hún fleira.

En á eftir hún reiddist og sveiði sárt
 — er hún sá, að ég vildi' ekkert meira!

Úti' er nú sagan og úti' eru ljóð;
 um Ástu ég kveð ekki fleira;
 en nær þetta skeði, sem um kvað ég óð,
 skaltu' undir eins nú fá að heyra:

Þá kerlingar mistu sitt höfuð-hár
 og hundarnir drápust úr fári;
 það skeði í fyrra, það skeði í ár,
 og það skedur og líklega' að ári.

Á LANGA-FRÍÐAG '72.

TIL AMERÍKUFARANNA.

Nú ætlið þið til Ameríku,
 sem okkar fedur námu fyr,
 í Banda-fylkin fögru' og ríku;
 þið fáid, vona' eg, góðan byr.
 Nú ætlið þið til Ameríku,
 en eg mun verða heima kyr.

Þú, sem þér ætlar auði' að safna,
 til Ameríku haltu' af stað!
 Því virðar nýtir vel þar dafna;
 með vinnu' og guðs hjálp lukkast það.
 Þú, sem þér ætlar auði' að safna,
 Ameríku haltu' á stað!

Þið garpar andans gáfuríku,
 sem gjörið ekkert heima þó,
 nú ætlið þið til Ameríku
 úr ánaud burt í frelsi' og ró.
 En Ísland gera' að Ameríku
 væri' enn þá fegra hlutverk þó.

Það er svo margt hér í að stríða,
 svo öfugt gengur margt oss hjá;
 það finst þér ekki ljúft að líða
 og langar burt; en veitzu' ei þá:
 þar sem við ekkert er að stríða,
 er ekki sigur neinn að fá?

Hvert vilt þú, maður, fara' og flýja,
 sem friði leitar að og ró?
 Þú ferð í álfu fagra' og nýja,
 þars frelsi býr og auðsæld nóg.
 Hvert vilt þú, maður, fara' og flýja?
 Þú flýr þig aldrei sjálfan þó!

26. APR. '72.

MINNING.

Fyrir handan Herðlu-band
 hrygg í anda bíður
 Hörðalands við svalan sand
 svanni handa-fríður.

Tvö við undum aftanstund
 ein í lundi saman;
 þornalundi þekt var sprand,
 það var undur-gaman.

Gekstu fríða' um Grafalds hlið
 glöð við síðu mína;
 ár og síð og alla tíð
 eg man blíðu þína.

18. Maí '72.

„SÓLARLITLIR DAGAR“.

Hvað mörg sviðandi sár,
 hvað mörg svellandi tár
 munu vekja mér harma,
 munu væta mér hvarma
 unz verð ég nár —
 munu barm minn bíta,
 munu brjóst mitt slíta?

Ó hve leiðin er hálf,
 þú mín líðandi sál!
 Það, sem fegurst ég kunní,
 það, sem fremst ég unni,
 var fánýtt tál!
 Nú er dapurt í heimi,
 nú er dimt í geimi.

Þegar örlaga-hjör
 drepur æskunnar fjör,
 þegar hjartað er brostið,
 en brjóstið lostið
 af bana-ör,
 þá er þreytandi' að stríða,
 þá er þungt að líða.

4. Júní '72.

TIL JÓNS SIGURÐSSONAR.*

Það skal hugrekki' og drengskap og hjarta og dug,
 til þess hiklaust og aleinn að ganga
 mót valdi og tign, til að vinna' á því bug,
 er það vill neyta sín til þess ranga.
 Með hugþrek í brjósti' og í hjartanu þor
 þú hopaðir aldregi, þjóðhetja vor,
 eitt þverfet í stríðinu stranga,

En hvað sem á dynur og hvernig sem fer,
 nú höldum vér leiðina beinu,
 er þú oss kent hefir, áfram með þér.
 Og svo er þá ei teljandi' að neinu

*) Oss ungum mönnum í Reykjavík þótti J. S. sýna oss yfirgang nokkurn og gjöræði, er hann sendi aftur Rvíkrdeild Bókml.félagsins óprentað rit eitt („Fréttir frá Íslandi“), er vor deild hafði samþykkt að láta prenta (og lét síðar prenta þreytt og stýtt). J. S. þótti eigi lítið svo á sum íslensk mál í ritinu, sem hann vildi skoda þau. Varð úr þessu kappsmál nokkurt. Vísurnar sendi höf. þó aldrei.

þótt falli' ei í skóinn þinn fóturinn vor;
við fetum, *hver upp á sinn máta*, þín spor —
og svo kemur alt þá að einu!

En varaðu þig, þú sem varst æ svo stór,
að verða' ekki í smámunum sýtinn.
Eða' er þér ei kunnugt að einatt svo fór,
að ein *ögn* gerði stóran mann lítinn?
Flokknum og vinunum sundrar slíkt sí;
að sjá er þér hæglega gefið við því:
verst eru sjálfskapar-vítin!

11. SEPT. '92.

ÁFRAM.

„*Dat. berre spørsmaal er um tid.*“
AASMUND OLAVSON VINJE.

Ó landar! þér talið um kúgun og kvöl —
og kúgið þó verst yður sjálfir!
Þér eruð að berjast við ánaud og böll —
og eruð þó veilir og hálfir.

Hví kveinið þið, segi' eg?— Þér svarið mér hratt
og segizt við harðræði búa.

En betra' er ei verður, ég segi' ykkur satt,
sá sem að lætur sig kúga.

Sú óheilla-gjöf, sem í arf oss er leið
og um aldir í vegi nam standa,

Það er heimskan og fáfræðin, hégiljur, deyfð,
sem að harðfjötrar sál vora' og anda.

Sú kúgun er hörðust! — En hrindum nú deyfð
og hressum nú fjör vort og anda.

Notum þau öfl, sem að *eru* okkur leyfð,
þá skal ekkert í vegi' okkur standa!

Þið hugsið, að Danskurinn hamli' okkur *alls*,
— hann hugsar, ef til vill, það sjálfur! —

Það er upplogin afsökun, fegrunar-fals!
en það feugar oss aldrei neitt gjálfur.

Er íslenzku kaupförin sigla um sjá
og sjálfir vér kraftanna neytum,
þá hlæjum að kúgun! — Því hver getur þá
oss hamlað, að skipinu beitum?

En þetta' er að byrja! Og betur þó senn
gefur byr, ef vér sporið ei letjum.

Og vér, sem að erum þó ættbornir menn
frá Íslands fornaldar-hetjum,

Vér skulum ei æðrasa, þótt inn komi sjór,
þó að endur og sinn gefi' á bátinn.

Nei, að halda sitt stryk, vera' í hættunni stór
og horfa' ekki' um öxl — það er mátinn!

Og þá skal oss einnig sú upp renna tíð,
að vér einir hér ráðum í landi.

Þegar *hver andi'* er frjáls, þá er framtak í lýð,
þá, *en fyr ei*, er bygt svo að standi.

Og það verður endinn á þessari tíð;
 um það er ég alls ekki smeikur.
 Og þess vegna er líka allt þetta stríð
 þó að eins í rauninni — leikur.

12. SEPT. '72.

TÍÐAMOT.

Nú eru tíðar eikta-mót, nú drynur
 ius útlifada tíma síðsta kvein;
 oss frelsis-leiftrín sýna', að hrófið hrynur,
 sem horfin tíð sér reisti' að bauta-stein.
 Nú þrældóms-andinn þungt í dauða stynur,
 á þjóðum heimsins fornt er sprungið mein.

Ég sé, hve skært á Skuldar himingeimi
 in skíra frelsis-sól nú roðar blíð.
 Þér skuluð aldrei ætla' að skáldið dreymi,
 í anda þótt hann sjái nýja tíð:
 ei hér að eins, í öllum víðum heimi
 ris endurborið mannkyn gegn um stríð.

En eigum vér þá einir kyrrir bíða
 og eftir vænta' að skruggan líði hjá?
 Það skedur ei, og móti straumnum stríða
 vér stöndumst ei; en hvað skal gjöra þá?
 Ó starfa-tímam látið eigi líða,
 en leggið þegar hendur verkið á!

DES. '72.

TIL ÁHORFENDANNA.

Sungið á undan sjónleikum í Reykjavík.

Óskum heillum ýta-fjöld,
 er oss sækir heim í kvöld!
 Sífelt skiptast sjáid um
 sorg og gleði' í heiminum.
 Gjörum oss nú gláðan dag,
 gleði sýnum á oss brag.
 Hrindið sútt og sorgum frá,
 sjáid vora leiki á!

Blandað sýnir okkur alt
 alvöruna' og gaman kalt.
 Tárið harma þungt og þreytt,
 þræta' og jag nú ekki neitt,
 léttúð, hlátur, þungbær þraut —
 þetta' er mannsins æfibráut!
 Þetta' alt fela þessi tjöld,
 þetta sýnum vér í kvöld!

Látið kætast lund og geð,
 látið gleðjast okkur með.
 Þess af alhug óskum vér,
 yður vel þið skemtið hér.
 Takið alt til þakka þér
 það, sem boðið getum vér.
 Fellum tjaldið! förum inn
 fljótt! Nú byrjar leikurinn!

27. DES. '72.

ELDGOSIÐ.

Ljómandi faldar in íspakta ey,
 svo eins björt er nótt sem dagur;
 heitt er í brjóstinu hjartað á mey
 og himinninu roða-fagur.
 Ellin mædir þig, eldgamla móðir!
 enn eru' ei fornar sloknadar glóðir.

En hugsuparlíf vort og ástandið alt,
 — já alt þetta 'gamla' og rotna,
 fánýtt og andalaust, frosið og kalt,
 er feyskið og þarf að brotna.
 Hér er hjartanu hætt við að frjósa —
 hér þarf sannarlegt eldfjall að gjósa!

Loftið er þrungið af þoku og mökk
 í þessu hversdags-flani.
 Tíminn er naut, sem er bundin á blökk,
 og blökkinn er: *gamall vani!*
 Enginn finnur hér eldfimt í landi,
 andans þó lyfti' hann upp gneistanda brandi!
 12. JAN. '73.

SJÓFERÐ.

Hal-ló, hal-ló, hal-ló!
 Nú ýtum frá sandi
 og siglum frá landi.
 Hal-ló, hal-ló!

Á bylgjandi bárum
 nú beitið ei árum,
 en seglin þér greiðið,
 því gott er nú leiðið —
 og látum nú klofinn inn löðrandi sjó,
 því leiðið er inndælt. Hal-ló!

Hal-ló, hal-ló, hal-ló!

Hal-ló, hal-ló, hal-ló!
 Já fram skulum leita
 og fast skulum beita.

Hal-ló, hal-ló!

Já, stefnum mót straumi
 í stormanna flaumi.
 Þótt sjórinn sé stinnur,
 þá samt um það vinnur
 þó manns-aflið sigur á löðrandi lá —
 og leiðið því notum þá!

Hal-ló, hal-ló, hal-ló!

Hal-ló, hal-ló, hal-ló!
 Oss ber upp á tangann,
 þið beitið of strangan!

Hal-ló, hal-ló!

Vér skulum ei stranda,
 vér stýrum úr vanda,
 já, framhá vér höldum
 á freyðandi öldum —

Við erum ei slopnir úr hættunni hér.
 Sko! hinumegin er sker!

Hal-ló, hal-ló, hal-ló!

Hal-ló, hal-ló, hal-ló!
 Það skedur svo tíðum,
 að skipbrot vér líðum —
 hal-ló, hal-ló!
 En ef vér ei förumst,
 þá aftur vér vörumst,
 að hendi' oss þann vanda.
 En hver mun ei stranda
 þó *eitt sinn* í mannlífsins ólgandi sjó?
 En eips verum glaðir þó!
 Hal-ló, hal-ló, hal-ló!

19. JAN. '73.

SKRÚÐS-BÓNDINN.

Víkivakakvæði

orkt eftir alkendri þjóðsögu í Múlasýslum.

Fyr' austan í Fáskrúðsfirði fagurt mjög þar er;
 — *Tíð er leið og löng!* —
 í fegurð þú Skrúðarinn af öllu samt þar ber.
 — *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

En dóttir prests á Hólmum átján vetra var
 — *Tíð er leið og löng!* —
 og aldrei Reyðar-fjörður feg í meyju þar.
 — *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

Einn risi býr í Skrúðnum, þærri undurfríðu ey,
 — *Tíð er leið og löng!* —

á háum hjalli situr og magnar seið að mey.
— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

Á páskadag fyrsta, þá er prestur gekk úr stól,
— *Tíð er leið og löng!* —
fór þrúð. á undan blessun úr kyrkju falda-sól.
— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

En sturlun, þrá og sorgin á sinni hennar lá;
— *Tíð er leið og löng!* —
þó svall ei tár um vanga, nei, þur og heit var brá.
— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

„Ég kveð þig, kæri faðir, ég kveð þig, systir þýð,
— *Tíð er leið og löng!* —
„Ég kveð þig, ástrík móðir, er varst mér æ svo blíð.
— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

„Þig, fagra Ljóðar-fjall, og þig, Hólma-tindur hár,
— *Tíð er leið og löng!* —
„Ég hinsta sinni kveð og þig, himinn fagurblár.
— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

„Ég alt í hinsta sinni það kveð, sem kært er mér;
— *Tíð er leið og löng!* —
minn kærasti mín bíður; til hans nú beint ég fer.
— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

„Ég sé ið gulli greypta, ið fagurbúna fley;
— *Tíð er leið og löng!* —
sinn fljótskreiða dreka sendir bóndinn sinni mey.“
— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

Á hláðvarpanum lá þar ein fúin, gömul fjöl ;

— *Tíð er leið og löng!* —

en fjörðurinn hann rauk, sem í vindi þyrlist mjól.

— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

Og mærin viti firð, settist fjölin á,

— *Tíð er leið og löng!* —

því fjölin var drekinn, sem hún þóttist sjá.

— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

En fjölin þaut með hana fram langt á sjá ;

— *Tíð er leið og löng!* —

hún flaug sem í loftinu bylgjunum á.

— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

Og síðast það til hennar sáu menn þá,

— *Tíð er leið og löng!* —

hún sveif inn í Skrúðshelli fjölinni á.

— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

En vedurteptir ef að menn verða úti' í Skrúð,

— *Tíð er leið og löng —*

þá vistir æ þeim færir in hamra-trykta brúð.

— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

Fyr' austan í Fáskrúðsfirði fagurt mjög þar er ;

— *Tíð er leið og löng —*

í fegurð þó Skrúðurinn af öllu samt þar ber.

— *Já, satt er það, sorgin er ströng!*

En dóttir prests á Hólmum átján vetra var.

— *Tíð er leið og löng!* —

og aldrei Reyðar-fjörður fegri meyju bar.
 — Já, satt er það, sorgin er ströng!

23. JAN. '73.

ANDVARP.

Svo gláður og svo yndisgjarn
 ég ungur fyrri var;
 en ég var að eins einfalt barn
 og enga sorg ég bar.

Nú veröld er sem eyði-ey,
 ég allri' er sviftur hjartaró;
 ;; nú frið í lífi finn ég ei,
 en friðar leita þó. ;:

Æ líf er stutt og lánið valt;
 mér leiðist æfiskeið;
 mitt hrollir tíðum hjarta kalt,
 er horfna skoða' eg leið.

Ó frið þinn, guð minn, gef þú mér
 og gef mér aftur barnsins trú.
 ;; Já, þú einn veizt, hvað eftir er;
 mér alla leið fylg þú! ;:

23. JAN. '73.

SKÓGAR-GILDI.

Í glitfögnum, laufgrænum lundi
 í leiðslu og sælasta draum
 ég hjartgláður, hugfanginn undi
 við hornanna freyðandi straum;
 en vínið á glösumnum glóði
 og gleðin hún brosti við hrein,
 með fögru ég dansði fljóði,
 og fuglarnir kvökudu' á grein.
 En inndælust eikin í runni,
 sem öllum var hugþekk og kær,
 var hún, sem að heitast ég unni,
 in hugljúfa, rósfagra mær.
 Og glasið þá greipti ég mundu,
 — þá gládasta lífi ég stund —
 svo ör og svo léttur í lundu
 ég lifa það veigar og sprund. —
 :: Og lífi því veigar, og lífi því sprund! ::
 og lífi því veigar og lífi því sprund!
 23. JAN. '73.

ANDLÁTS-ORÐ.

Þungum svíf ég sorga' í straumi:
 sviknar vonir, ónýtt líf,
 æfi spilta' í döprum draumi,
 drepið þrek og mæðu' og kif —
 yfir þetta á ég líta,

er ég stend á grafar-rönd.
Ei skal það samt á mig bíta;
öllu stýrir drottins hönd.

Gráttu sáran, grát, mitt auga!
guði þekkest fórn sú er.
Hvarm minn, sæla lindin, lauga,
léttu steini' af hjarta mér.
Örvænting þótt hjartað hrífi,
herra guð, ég treysti því,
mér í öðru leyfir lífi
líf mitt aftur byrja' á ný.

23. JAN. 73.

HAUSTKVÖLD Á HÖRÐALANDI.

Grafardals fögrum við gengum í hlíðum,
gekst þú um skóginn við hlíðina' á mér;
hvergi svo rólegt í heiminum viðum
þá hugði ég vera sem lífa hjá þér.
Undir fríðgrænni' eik
(þú varst fól og bleik)
sagði eg við þig:
„Geturðu' elskað mig?“
En þín titraði' önd,
þín mig tældi hönd,
er að hjarta mér töfrandi lneigst þú í draum.
} 1. 3 Já fundir firnast, ástir ei,
} 2. 4. Til hennar ég ávalt skal ástina geyma,
þótt annar nú hugur sé vífs.

- { 1. 3. Þig skal ég ávalt muna, mey,
 { 2. 4. Fagrasta mær, aldrei mun ég þér gleyma,
 ég man þig til enda míns lífs.
 7. FEBR. '73.

STORMUR.

Kveðið nóttina milli 18. og 19. Febr. 1873.

Stormur æðandi úti nú drynur,
 öll á þræði skelfur grund;
 Rán á þjörgunum beljar, dynur
 :: Þrími faldin og stýgg í lund. ::
 Ofsa-stormr í æðandi móð
 alla' af náttsvefni vekur þjóð.

Stormur annar þó öflugri drynur,
 okkar þjóð sem líka' er vís;
 glögt ég heyri' í þeim storm' hve stynur
 :: stúrið mannkyn og hugr við frýs. ::
 Andans stormr í æðandi móð,
 upp af svefndöða vektu þjóð!

TIL ÞJÓÐFUNDARMANNA
 Á ÞINGVELLI.

26. Júní 1873.

Íslands kjörnu óskasynir,
 yður glaðir heilsum vér;
 :: frelsis þjóðar vorrar vinir,

velkomnir þið sénd hér! :;
 Þessi staður þjóðum kunnur
 þetta lætur margtekið,
 þetta synur þjóðar minnur,
 þetta kveður bergið við!
 þetta syngur þjóðar minnur,
 :; þetta :; kveður bergið við!

Hugsíð eftir, hvar þið standið,
 helgum feðra moldum hjá.
 :; Yður skyldu leggur landið
 ljúfa' og stóra herðar á. :;
 Fræga minning frjalsra áa
 flekk ef nokkurn leggið á,
 blikna mundi bergið gráa,
 blóði gréti jörðin þá —
 blikna mundi bergið gráa,
 :; blóði :; gréti jörðin þá!

Heilar starfi hendur allar
 hólma vörs að efla gagn.
 :; Nú, er tímans nauðsyn kallar,
 nota verður hver sitt magn. :;
 Skiljið nú, hvað skyldan býður,
 skyldan bæði ljúf og stríð;
 þá mun einnig landsins lýður
 litið geta sælli tíð--
 þá mun einnig landsins lýður
 :; litið :; geta sælli tíð.

FRÁ AMERÍKU.

SKUGGAR OG SKÝJAROF

Í ÚTLEGÐINNI.

(1873—'75).

KVEDJA TIL ÍSLANDS.

27. Júlí 1878.

Æ, vertu sælt, mitt sífelt kæra land!
Nú sé ég líkast aldrei framar þig.
Ó, hart er að slíta hjartans ástar-band:
að hugsa til þess — nei, það drepur mig;

Því þó ég lífi fleiri' eða færri ár
og flækist nýrrar álfa' um lönd og höf,
í dag mitt hjarta fær það svöðu-sár,
er seint eða snemma leðir mig í gróf.

Menn segja' að ást sé ævinnlega blind.
En ef að saklausum ég gerði rangt

af ást til þín, er sannarlega synd
að segja' að þess sé nú ei hefnt full-strangt.

Ég vildi rétt, en vit mig þraut og mátt;
því varð sumt rangt og flest alt lítilsvært.
En nokkurn son þú aldrei getur átt,
sem elskar heitar þig; en ég hef gert.

Ég kveð þig, Ísland! Verði þér alt að veg
og veiti guð þér stóra framtíð enn
og marga sonu', er elska þig sem eg,
en eru meiri skapstillingar-menn.

TIL KVÖLDSTJÖRNUNNAR.

Stjarna blíð, sem blás um geim
brantu hvatar þinni,
frá mér kveðju flyt þú heim
fóstarjörðu minni.

Gott átt þú, að geta séð
gamla landið hvíta.
Ó að ég mætti' einnig með
ættjörð mína líta.

NORTH CAPE, Wis., 2. DES. '72.

TIL VONARINNAR.

Flýrðu mig nú, gull-vængjaða von?
 Æ, vertu' ei svo harðbrjósta' að hverfa nú frá mér;
 tældu' ekki þarnig þinn trúfasta son,
 æ tálfagra, dveldu nú hjá mér!

Þú, sem ið blíða um bernskunnar skeið
 bygðir mér hallir svo inndælis-fríðar, —
 hvar hafa þær minni legið á leið,
 er í lifinu' eg ganga hlaut síðar?

Þú, sem mér lofaðir lokkandi ást,
 ljómandi frægð og töfrandi yndi:
 hvar er það alt saman? Alt saman brást,
 alt hvarf sem ryk fyrir vindi.

En til hvers skyldi' eg vera' að álasa þér
 fyr alt það, sem mér hefir borið til handa?
 Sumt má ég um kenna sjálfum mér
 og sumt þessum tíðar-anda.

Grimmudga von, ég veit glögt þú ert tál,
 en grátbið þó, sendu mér ylgeisla hlýja;
 vaggadu' í blund minni sárþreyttu sál
 og sýndu' henni tálþrauma nýja.

NORTH CAPE, WIS., 22. JAN. '74.

LEIÐINDI.

„*Coelum, non animum,
mutant, qui trans mare currunt.*“

HÓRAZ.

Leiðast mér dagar; mig langar
til landsins míns heim, sem mig þar,
þó langt um hér líði mér betur,
en líðið getur mér þar.

Hér hef ég fyrsta siun fundið
frelsi' í þessum heim; og þó er þröngt um mig enn þá,
ég þrái víðari geim.

Ef sex feta grænan blett get ég,
Gardarsey, fengið hjá þér,
nógu víð þá fyrst verður
veröldin handa mér.

Því leiðast mér dagar, mig langar
til landsins míns heim á ný,
því hvergi' í heiminum finn ég
hvíld nema gröfnni í.

NORTH CAPE, WIS., 11. FEBR. '74.

SLEÐAFERÐIN.

Og mánninn gægðist og glotti
við gráa skýja-rönd

og geislum fannirnar gylti
og grúfði sig yfir lönd.

Uglaun ýlfræði' á kvisti,
en úlfur í holti gó,
og það var svo ómurlegt úti
um eyðidimman skóg.

En bjöllurnar hvellan hringdu
og hitinn rauk þétt upp af jó,
en sledinn flaug áfram sém örskot
og undir marraði' í snjó.

Og eikurnar toppana teygðu
— en týnt var laufanna skraut —
og lögðu svo langa skugga
á leið mína þvert yfir braut.

En austan yfir Alleghany,
frá Atlants báru-geim
kvöldgolan þjótandi kemur,
kemur að fylgja mér heim.

Já austan um Atlants-strauma,
frá Íslands jökul-strönd
í kaldri gandreið keyrir
nú Kári' yfir höf og lönd.

Svo hnígur hann hljótt mér að eyra
og hvísar og tíðmáll er. —
Er það draumur dáiinna vona
eða dauðinn í hjarta mér?

Ég vef mig í vísundar-feldum,
vindurinn draugslega hvín,
og keyri klárana betur; —
í kvöld næ ég heim til mín.

DURHAM HILL, WIS., MARZ '74.

LÍFIÐ MITT.

I.

Innihaldslausa, auma líf,
ó hvað ég hata þig!
Endalaust böll og eilíft-kíf,
ó hvað þig kveljið mig!

Sé nokkur hlutur sorgar-sár,
sé nokkuð biturt til,
þá eru það horfin æsku-ár
ónýt í tímans hyl.

Þá er það að lifa lífi því,
sem leyfir enga tóf,
en varpar öllum vonum í
válega, kalda gröf.

MILWAUKEE, WIS., MAÍ '74.

II.

Líti ég aftur,
sé ég leiðum þakiinn
kaldan kyrkjugarð

með krossmörk á gröfum.

Það eru lífs míns
ljósar vonir,
er þar örendar
undir hvíla.

Það eru aflraunir
æsku minnar,
drepið þrek
og þróttur brotinn;
það er ágætur
æfni víður,
til einskis ónýttur
af óhögum smíð.

Viti ég fram,
sé ég feikna-kalda
dímma, djúpa,
daudum upp búna,
grimma, geigvæna
gröf opna,
bústað hinstan
brostins hjarta.

Eitt liggur einstigi
að opinni gröf;
frýs mér við hugur
í feti hverju;
höfuð teygja vofur
hvítfölar úr mold
og augum brostnum
á mig stara.

Rofin er grafró,
reimt er í garði;
það er drauga-dans
dáiinna vona.

Gegn um skal ég ganga
grafreit þeirra
og greiðka spor
að grafar-barmi.

CHICAGO, ILL., ÁGÚST '74.

NIAGARA.*

*„The thoughts are strange that crowd into my brain
While I look upward to thee“*

BRAINARD.


*„But onward — onward — onward
thy march still holds its way.“*


J. S. BUCKINGHAM.

Hratt mig ber um grænar grundir,
glymja hjól á teinum hátt;
dynur, titrar, drynur undir
drunga-hljóð í vesturátt —
því líkt ei sem þrumur æði
þrunginn himinlofts um geim,
eða stynji brims við bræði
þjargföst klöpp í tryldum hreim.




Dýpri, þyngri, dróma háður
dynur berst að eyrum mér;







**IMAGE EVALUATION
TEST TARGET (MT-3)**



**Photographic
Sciences
Corporation**

23 WEST MAIN STREET
WEBSTER, N.Y. 14580
(716) 872-4503

10
15
18
20
22
25
28
32
36
40
45
50
56
63
71
80
90
100

10
50
57

því líkt heyrði' eg aldrei áður —
 ógnin felur ró í sér!
 Ógnin ber svo ofurlíði,
 eyrað verður skjótt svo þreytt,
 að annað heyrir alt í friði
 eins og þetta væri' ei neitt.

Ferðin stillist, hjólið hægist!
 Hvað skal vera' á seyði nú?
 Sé ég, er um glugga' eg gægist,
 gljúfra millum hengibrú.**
 Ekki' á heimur allur víður,
 undra-smíði líka þín!
 hægt hér yfir lestin líður,
 logurór hylur undir gín.

Sterka brúin strengi treysti
 stáli varða' á hvora hlið;
 lest til Clifton*** þjóðbraut þeysti,
 þar skal nokkuð standa við.
 „Hér er hvíld fyrir einn og alla
 eiktar-tíma,“ sagt er oss. —
 Fyrsta' og bezta kúsk ég kalla
 að keyra með mig upp að foss

Legðu' í klárinn! láttu' hann skeiða
 (lõðri svitinn bóguin á)
 yfir þessa þakka breiða. —
 Biddu! Hvað er hér að sjá?
 Lít ég festa línu veika
 landa millum hyls of grád. —

Hér nam Blondín † lipurt leika
léttum fæti' um veikan þráð.

Ég hefi og hætt mér oft í æði
út á sollinn lífsins straum
vitlauslega' á veikum þræði
og vaknað upp við slæman draum,
reynt, að missa fóta' og falla,
en fest þó hönd og þjargað mér.
Slíkur dans er ei fyrir alla —
eg hef reynt það, hvað það er!

Sezt ég hér á bergið bláa,
bifar klöppin undir mér;
röðull skín á skúmið gráa
skýja-bólstra sveipað her.
Aðlegð fríðra undra-lita
aldrei nokkur fegri sé!
geislum í kann röðull rita
rún, sem enginn lesa má.

Ungur sá ég oft á kveldi
aftansólu röða ský
gullinrúna geisla-feldi,
gladdist hugur minn af því,
og á vængjum aftanröða
önd mín fló á skýi' um geim
í undra-gandreid, allt að skoða
alvitt rúm og þennan heim.

Barns sem önd á bláu skýi
berst um víðan himingeim,

litur svo frá léttu vígi
 ljósra geisla yfir heim —
 svo í ský sér brátt nam breyta
 bjargið traust, er sat ég á,
 og í geiminn létt upp leita
 leið um himinvegu blá.

Önd til fornra flýgur alda
 fram um tíðar-strauma geim,
 þá er rauðir rekkar halda
 ríkjum yfir Vesturheim;
 þá var fossinn hærri, hærri; ††
 hátt þá Flatberg ††† mændi' í geim;
 nú er hann orðinn smærri, smærri —
 smækkar flest í þessum heim!

Aldir líða. — Flatberg fellur
 froðu þrungið hyls í djúp!
 Straumur þungt á steinum skellur,
 steininn sleikir aldan gljúp.
 Vart þótt merki' á mörgum árum
 mannleg sjón — hún nær svo skamt, —
 aflið þó í þessum bárum
 þvær og eyðir bergið jamt.

Þó það taki þúsund ára
 þumlung mínka fossins hæð,
 vittú, bjarg, sú vöðu-bára
 verður þér um síðir skæð!
 Daga bjarta' og dimmar nætur
 dynur fossins þunga hrönn;

hamra-bjargensins hjarta-rætur
hún með seigri nagar tönn.

Hver er þungi' í þessu fljóti
þó á móti lífsins straum?
Hvilíkt afl í öldu-róti
er í lífsins vöða-flaum!
Margan afl það molað hefur,
mörgum veltir straumsins farg
og í djúpum aur þá grefur —
aðrir kljúfa straum sem bjarg.

Ef þú, fossinn ógnar-fríði,
eyðir þannig sjálfum þér,
(og þótt hundrað aldir líði
áður stór þess merki sér) —
undrast þarf ég ei né kvarta,
ef á mér kann lát að sjá.
Er það von ég hafi hjarta
hörku-meira' en klöppin grá?

Ó þú, fossinn undur-hvítur,
í þér speglast sála mín!
Inum sömu lögum lýtur
lífið mitt og báran þín:
áfram sí og æ við höldum,
áfram stanslaust hulda slóð
hafs að dauða-djúpum öldum,
deyr þar allra fossa hljóð!

„Áfram“ skært í leiftrum ljómar
logum skráð um hnatta-braut!

„Áfram!“ lífsins lögmál hljómar
 lúðurhvelt í sæld og þraut!
 Áfram! Áfram utan tafar,
 ógnar-fljót! um hulda slóð —
 þú til ægis, eg til grafar!
 Yrkjum saman vega-ljóð.

Ávalt mannlegt auga lítur
 undrun fyllt á þessa sýn
 meðan fellur fossinn hvítur
 fyrir berg, þars hylur gín,
 meðan öldum affli slungin
 yfir skolar dvalins höll
Niagara niði þrungen —
Niagara, fossa-tröll!

ATHUGASEMDIR.

*) Kvæði þetta er orkt um miðjan Júlí 1874 við *Niagara*; en svo heitir ið heimsfræga stórfjót, er rennur úr *Eric*-vatni út í *Ontario*-vatn. Fljótið fellur í einum farvegi fyrir berg niður, en þó er ey í því allmikil rétt á fossbrúnni og deilir fossunum; heitir *Skeifufoss* (*Horse Shoe Fall*) *Canada* megin við eyna (*Geit-ey* — *Goat Island*); sá foss er 2000 feta breiður og 158 feta hár. Bandaríkja megin við *Geit-ey* er lítil ey önnur, er *Tungley* (*Luna Island*) heitir; milli þeirra fellur *Meðalfoss* (*Centre Fall*). En Bandaríkja megin við *Tungley* fellur *Ameríku-foss* (*American Fall*), 660 feta breiður og 164 feta hár. Allir fossarnir kallast einu nafni *Niagara-fossar* (*Niagara Falls*). Þessir fossar eru mestir í heimi. Á hverri klukku-stundu fljóta niður í þeim 760 miljónir tunna af vatni.

***) „Hengi-brú“ kalla ég *Suspension Bridge*. Sú er mest mannvirki allra brúa í heimi: 800 feta löng og hvílir hvergi á neinu nema endarnir einir. 4 strengir halda henni uppi; þeir eru snúnir úr járnþráðum og eru um 10 þumlunga gagnmáls. Væru þættirnir raktir upp úr strengjum þessum og knýttir í lengju, þá næði sú um 4000 enskar mílur eða líðlega yfir þvera Ameríku frá New York til San Francisco. Strengirnir geta horið 280,000 vættir, en brúin sjálf vegur 18,000 vættir.

***) *Clifton* er þorp í Canada; þar eru áfangastöðvar.

†) *Blondin* gekk fyrstur manna á streng yfir Niagara fyrir neðan fossana.

††) Núningsaflíð í inu ógurlega vatnsmegni eyðir, þó smátt sé, jafnt og þétt hamrinum undir fossunum. Eins og skiljanlegt er, eyðist meira framan af berginu, en ofan af því. Það er ætlað á að af hamrinum eyðist eitt fet á ári, og þykir megu sjá merki þess, að fossinn hafi áður verið við *Queenston*, 7 mílum enskum neðar en fossarnir eru nú. Þannig hefir fossinn áður verið neðar og líka hærri og eyðir þannig sjálfum sér.

†††) „Flatberg“ kalla ég á íslenzku inn fræga hengidrang *Table Rock*, er mænir fram yfir Skeiðfoss að vestan. Það hefir lengi verið að smáhrynja úr honum. Þannig hrundi mikið 1818, 1828, 1829 o. s. frv., og 1859 hrundi stykki 200 feta langt og 100 feta þykt. Það er nú að eins svipur hjá sjónrústir þær, sem enn eru eftir. (Nú — 1892 — er hrundið mest allt það er eftir var af *Table Rock*).

Á SIEKRA NEVADA.

Yfir firnindi' og fjöll
þakin fannhvítri mjöll,
yfir fríðgrænar stárskóga-lendur,
yfir hyldýpis-gjá,
gegn um hamarinn blá
ber mig hratt sem þá kólfur er sendur.

Hér er mikið sagt frá,
enda' er margt hér að sjá!
Hvort skal meir vera' að undrast — sá kraftur,
sem að fjöllunum hlóð
og tróð fljótunum slóð
og svo fól sig í björgunum ástur,

sem um gullaudga fold
lagði gróður í mold,
steypti gljáfögurum íshjálmí' á tinda,
sem að foldar-brjóst rauf,
sem að fjallbungur klauf,
dróg um fells-hlíðar skúmhvíta linda,

— eða hugur og hönd,
sem að hand þessi lönd
og sem heflaði slétt fjöll og sprungur,
sem með íþrótt og þraut
lagði beinsléttu braut
gegn um berg, yfir firnindi' og klungur?

Krjúptu, maðkur, á mold!
beygðu mikillátt hold;

öli þín stó
L
d
skil, hve ö

L
á
r
s
G
g
e
f
U
h

Öll þín stórmenska' er stormhrakinn reykur
 Líttú undrandi önd
 drottins almættis-hönd;
 skil, hve örlítill ert þú og veikur.

10. SEPT. '74.

EIMREIÐIN.

Hverfuðsk eldheita
 hvel umb ása
 á framm eimknúin
 á ísarnteinum,
 reiðuðsk runnar
 rökkva móðu,
 spjó renni-reið
 rauðum logum.

Glumdu dvergsalir,
 gigntröll hrinu,
 gamlir grásteinar
 gljúpir stundu,
 es eimfákr
 eldsglöd þrunginn
 fótum flughröðum
 foldu sparn.

Undruðuðsk eirrauðir
 Indíánar,
 heimsk hamra-tröll
 hausa skóku,

en dvergr úr holti
dökkum rendi
augum ógn-skelfdum
at ægidýri.

SAN FRANCISCO, CAL., 11. SEPT. '76.

Á SJÓ.

I.

UM NÓTT.

Glottir máni, löðrar lá,
ljómar stjarna' í heiði,
kljúfa látum kaldan sjá
kjöl í göðu leiði.

17. SEPT. '74.

II.

UM KVÖLD.

Poku sveiptur þrumir sær,
þvær um súðir froða;
í lagar-öldum ljóma skær
leiftr í hverjum boða.

3. OKT. '74.

III.

UM DAG.

Piljum stari' eg einatt af
út í geiminn kalda

meðan knörr um Kyrra-haf
klýfur báru-falda.

4. OKT. '74.

ALASKA.

Ég hvíli' í svölum skugga grænna greina
í grasi mjúku sjávar-hamra við;
hér finnur hjartað fró og létti meina
við fugla-söng og marar-báru nið.

Mér finst ég þekkja' að fornu þennan klíð,
mér finst ég útlegð minni læri' að gleyma,
mér finst að hér ég geti fundið frið,
mér finst að hér sé gott að eiga heima.

En stundum nærri sýnist mér það synd
með solli bygðar landsins tign að skerða
og inni fornu eyði-ró að raska —

Ó, ekki' ef þín in munarfagra mynd
vill móðurlausum Íslands börnum verða
fram tíðar-ból og fóstura ný, Alaska!

KADIAK ISL., ALASKA, 29. OKT. '74.

SKAUTAFERÐIN.

Það var um miðjan vetur
og vedrið heldur svalt,

og létt féll niður lognmjóll
 úr lofti' á hauðrið kalt;
 vér skólapiltar skemtum oss
 á skautum úti' á tjörn
 og fjöldi' af öðru fólki,
 bæði fullorðnir og börn.

Og loks var ég orðinn lúinn
 og leið að skóla-tíð,
 ég skauturum hélt í hendi,
 er heim ég gekk um síð,
 þá mætti' eg ungra mēyja hóp
 og mér heilsuðu þær,
 svo lungar og fríðar allar
 — og ein sem að var mér kær.

Hún bað mig skautann betur
 sinn binda' á hægra fót:
 „Mér lætur lítt á skautum,
 in ljúfa mælti snót,
 „og áþekt er með ninar,
 þær eiga nóg með sig;
 svo leiðist þeim nú líka
 að leiða' og styðja mig.“

„Ó, ef ég að eins mætti,
 hve inndælt fyrir mig!
 hve ljúft og létt mér félli
 að leiða' og styðja þig.
 Ó mætti' eg alt um æfi-skeið,
 ó ástmey, kæra barn,

þig leiða létt við mundu
um lífsins kalda hjarn!“

Mér blossaði bál í kinnum,
mér brunnu' á vörum orð;
ég þó ei mæla þorði,
en þögull kraup á stord
og skautann hægra' á fæti fljóðs
ég festi' — og skjótt varð sed,
að varlegra var að laga
þó vinstra skautann með.

Minn arm svo fögru fljóði
ég fram nam rétta þá
og leiddi hana', er hálu
við hjarni runnum á.
Þótt félli mjöll á fölván ís,
þá fann ég til þess ei;
ég rann í dvala-draumi
með dýrri yngismey.

Þar meir en hundrað manna
aук mín var skautum á,
en *hana'* af öllum höpnum,
já hana *eina'* eg sá.
Hvað tíma leið, hvað lengi þar
með ljúfri rann ég mey,
og hvort ég var í heimi hér
eða' á himnum, veit ég ei.

En eitt ég veit, að ávalt,
er eg fór víða' um heim,

um fjöll og fagrar sléttur,
 um fold og lagar-geim,
 við norðurs svala heimskaut hátt,
 um heita suðurs grund —
 sú skauta-ferð í fögrum draum
 mér fylgdi' í vöku' og blund.
 PACIFIC OCEAN, 8. Nóv. '74.

VERALDAR-VÍSUR.

eða:

Eins ferðalangs

skraddara-bankar um þennan heim.

Við og stór er veröldin!

— vant er svo að kalla.

En hugsaðu' ekki, herra minn,
 að hún sé jöfn fyrir alla.

Margir ekkert markvert sjá,
 er málið aðra þrýtur;
 sínum augum sérhver á
 silfrið tíðast lítur.

Þíðan víða' eg ferðast fór
 á fold og marar-bárum,
 finst mér ei jörðin fult svo stór
 sem fyrir nokkrum árum.

Vér ef hugsum vel um alt,
 verðum líka' að játa.

hugviti tókst hundradfalt
hana minka láta.

Ára tveggja tíð og fjör
tjáði' ei fyr að spara
höldum í þá hættu-för
heim í kring að fara.

Ferðina þá að fara smá
finst oss hætta vera;
núna má það auðvelt á
ellefu vikum gera.

Fyrrum vægði' ei vedurlag
valdi' eða silfur-borgun:
kaupmaður sigla kaus í dag,
en Kári sagði: „á morgun!“

Nú er ei ófært neitt í heim,
nú er lítill vandi,
nú má fara' á eldi' og eim
alt á sjó og landi.

Um að fært sé fjáðum beim,
fer ei tvennum sögum,
jörð í kring með eldi' og eim
á áttatíu dögum.

En leitadu' í þessum litla heim
að láni' og sældar-högum:
finnurðu það með eldi' og eim
á áttatíu dögum?

Það finst ekki' í þessum heim,
 það er margreynd saga,
 þó leitað sé með eldi' og eim
 alla heimsins daga.

Þótt veröld minki', hún mælist þó
 misjafnt lífs á vegi:
 mörgum verður hún meir en nóg,
 mörgum nægir hún eigi.

Eg sá margan aumingjann,
 — aldrei því ég gleymi —
 sem ei þraud né björg sér fann
 í breiðum þessum heimi.

Margan fann ég fáráð þann
 fjáðan gulli' og seimi,
 er aldrei rétta rúm sitt fann
 í rekka víðum heimi.

Margan einnig þekti' eg þann
 þó ég nöfnin geymi,
 er ei fann rúm fyrir ofstopann
 í okkar litla heimi.

Margan furðar mest á því,
 hve mikla vizku' hann geymi
 og hversu rúmist alt það í
 ekki sterra heimi.

Eitt ég veit með vissu þó,
 vinur, þér að segja:

veröld öllum víðlend nóg
verður, nær þeir deyja.

PACIFIC OCEAN, 10. Nóv. '74.

† GRAFSKRIFT YFIR MANN,
sem

fæddist 20. Mǫrz 1850,

og dó þegar hann var búinn að lifa.

*Hann lifði einungis til að ergja dauðann
og dó af ergelsi yfir lífinu.*

Hér und grænu leiði liggur
líinn þreyttur, ferðamaður;
yfir því, að er hann dauður,
ef hann lifði, væri' hann gláður.

Hvað hann var og hversu' hann lifði,
— heldur væri það skritin saga,
því fáir aðrir eins mörg lifðu
æfintýri' um sína daga.

Kónginum var hann kær ei sagður,
kross ei neinn að *fræman* bar hann;
en öðruvísi' en aðrir menn þó
alla sína daga var hann.

Hann var maður í hærra lagi,
hárið dökkt, og andlitsfölnur,

snotur í æsku', en ófríkkaði
æfi svo sem lengdist spölur.

Sjálfur skáld hann sagðist vera,
en sumir drógu það í efa:
heimurinn nú, fyrst hann er dauður,
hér um verður dóm að gefa.

Hann var um lífsins huldu gátu
að hugsa jafnan, yrkja' og skrifa;
í þá heimsku' hann svo sér sökti,
að seinast gleyindi hann hreint að lifa.

Úti' á köldu Ísa-fróni
eg held flestir menn og konur
hafi', ef til vill, heyrt hans getið:
hann hét JÓN og var ÓLAFS SONUR.

WASHINGTON, D. C., 2. JÓLADAG '74.

HEIM.

Ó heim, heim, heim!
Mig langar, langar, langar heim!
Mig langar ávalt heim!
Mér brennur hjarta' í barmi,
mín brýzt um önd í geim,
minn hugur bugast harmi,
því heim
að stöðvum þeim,

þars ægis bundin armi
 mín unir fösturmold,
 já heim að þeirri friðu fold
 mín flýgur önd; en bundið hold
 ei getur farið svo á sveim
 og svifið um heim
 og geim.

Þótt allan heims
 ég ætti seim,
 ég óðar seldi' hann þeim
 við hreim,
 er kveður mar við kletta-reim
 á kaldri fösturgrund,
 svo fjöllum undir,
 yfir sund,
 í allra hennar barna lund
 þar unun streymir.

Aldrei gleym
 þú, önd mín, þeirri stund,
 er ættjörð lifði' eg hinsta hjá,
 er hennar brjóstum hvíldi' eg á.
 Ó fösturjörðin frið og há,
 þín fölva brá

ei gleymast má!
 Ó skyldi' eg fá
 þig, fagra', að sjá,
 ó fá að koma heim?
 Ó heim! Já heim!

Mig langar, langar, langar heim!
 Mig langar ávalt heim!

WASHINGTON, D. C., 17. JAN. '75.

† SIGURÐUR málari GUÐMUNDSSON.

Dó 7. SEPT. '74.

Sól er himin-hafs um ála
 hellir rósa-geislum ljósum,
 í þeim lof þitt ljóst mun skrifað
 letri fránu' um sali mána.
 Gleymast ræður og kreddu-kvidir,
 er klerkar skrifa', en þitt nafn lifir
 himinsól meðan hafs um ála
 hellir rósa-geislum ljósum.

Líf er dauðann eftir, efa
 engi þu má, er sér, hve þráir
 ljúfan ástmög lýðr inn bezt,
 listamann sinn haudrið fanna.
 Hvert eitt óspilt, íslenzkt hjarta
 óskadrengur mun byggja lengi,
 geisla-rós meðan gljár um ása
 gullinfrán und þaki mána.

WASHINGTON, D. C. 3, MARZ '75.

MEIRA LJÓS!

„Licht! Licht!
 Mehr licht!“

(Síðustu orð) GÖTHE.

Lýs mér, lýs mér, ljósið bjarta,
 létt minn harm!

Vægðu, vægðu, vesalt hjarta,
veikum barm!

Berstu' ei svona' í brjósti mínu —
eg bið um gríð!

Lýs mér, guð, með ljósi þínu,
eg líknar bið.

Guð minn, guð minn! Lægðu, lægðu
lífsins storm!

Herra, herra! Vægðu, vægðu
veikum orm!

Þreyttum hjálpar-hönd mér réttu,
herra klár!

Byrði þessa léttu, léttu! —
Lít mín tár!

Herra, virztu hjálp mér senda,
heitt ég bið.

Gjörðu' á þessu, guð minn, enda —
Gef mér fríð!

WASHINGTON, D. C, 11. MARZ '75.

COLUMBÍU-MEYJAR.

Ó hvar er fegri' í heimi drós
en hruðin fríð í Columbíu?
Það brennur heitast brúna-ljós
á brá á mey í suðri hlýju. —

Á eyju fornri ísa' og báls
 vér augun bláu tíðar finnum,
 þar fellur lokkur ljós um háls,
 þar lifir meiri roði' í kinnum.

Já, þetta' á Ísland, það er satt,
 já það á vangann fagurrjóða
 og augað bláa hjart og glatt
 og bleika lokkinn norðurþjóða; —
 en sljótt í auga logar ljós
 og lokkinn hjarta hylur faldur;
 og vangann rjóð þótt vermi rós,
 er vifsins hjarta jökull kaldur.

En hrafnsvart líðast hárið á
 þeim hýru Columbíu-drósum,
 og mér finst blökk sé mjöll að sjá
 á móti þeirra vöngum ljósum,
 og tinna svört und hjatri brá
 sem blossa slái' und þaki fanna,
 svo leiftrar andans ljómi frá
 og logi hjartans augum svanna.

„Vér meyjjar suðurs minnum þig
 víst mjög á Íslands kæru sprundin?“
 Svo spurði glettin genta mig,
 við gengum tvö um eikilundinn. —
 Við sjálfan mig ég segja hlaut
 (að svara henni' eg um gat flúið):
 Hvað kunna þær heima?— Að gera graut
 og geta börn og þá er búið!

WASHINGTON, D. C., í APRÍL '75.

KÓNGSRÍKIÐ MITT.

Dregur upp skýflóka' og dimmir í geimi,
dapurt og kaldlegt er útlit í heimi.

∴ En ég á mér kóngsríki fimbulvítt, fád,
fagurt og sólheiðríkt draumanna lád. ∴

Seint kemur vorið og seint laugast eikur,
seint grænkar þettað ár völlurinn bleikur;

∴ en eilíft er vor og sígrænt að sjá
sólríku draumlandi fegurðar á. ∴

Af fösturjörð hrakinn ég fæ ei að lita
föðurland síþráð með tindana hvíta;

∴ en fösturland á ég mér andans í geim
Íslandi fegra í draumanna heim. ∴

Þó að í þrisund mig dómarinn dæmi

og Danskurinn burtu frá ættjörð mig flæmi,

∴ hér á ég frístað; þeir hrakið ei fá
himnesku draumanna landi mig frá. ∴

Vinum og ættingjum frá hlaut ég flýja,

framandi' og einmani' í landinu nýja;

∴ en andi mínu dvelur þó einatt þeim hjá
innðælu draumlandi hugarins á. ∴

Ýmsa þá kærustu' af ástvinum mínum

ískalt nú grafarhúm felur mér sýnum;

∴ en nær sem ég vil fer ég samt þá að sjá
sólheiðu draumlandi minningar á. ∴

Fátækur veraldar er ég af andi,
á ei til morguns af daglegu brauði.

∴ En hvað hirði' eg gullsins um glitrandi sand?
Gangmynt er kærleiki' um draumanna land! ∴

Hvað eru konungar heims þessa', að kalla?
Hásætið veltur þá minst varir alla.

∴ Um konungdóm þeirra mig kæri' eg ei grand —
Kóngsríkið mitt það er draumanna land! ∴

Og sárt þegar hugraunir hjartanu sviða
og heimúr mig grætir og þungt er að líða,

∴ kyssir mér tárin af brennheitri brá
brösfögur draumlandsins vonarsól þá. ∴

Loks þegar endað ég lífsins hef daga,
loks þegar ormarnir ho'd þetta naga --

∴ bænheyr mig, drottinn, ég bið um að fá
byggja með ástvinum draumland mitt þá! ∴

NEW YORK, 30. APRIL '75.

HEIMA OG ERLENDIS.

(1875—'90)

Í REYKJAVÍK.

Hér hef ég lifað lífs míns beztu stundir
og líðið þyngst, sem enginn maður veit,
á mölinni hérna holtum þessum undir,
já hér í þessum eyðilega reit;
þó hér svo kær er hver einn blettur mér,
því hér er leiksvið æsku minnar drauma;
og seint því gleymi' eg, sem ég lifði hér,
þótt sveimi' eg víðar enn um lífsins strauma.

Á túninu hérna hef ég velt mér tíðum
og hlegið glatt með æskuvina-fjöld;
hér hef ég hneigzt að vinar-barni blíðum,
er brosti sól um fagurt vorsins kvöld.
Með tjörninni hérna hef ég reikað þrátt,
er hló í báru röðull gulli fáinn,
í glöðum hóp hér hef ég leikið dátt —
hér hef ég líka grátið vin minn dáinn.

Hér hef ég hvilzt á grundarbedi grænum
 á glöðum bernsku-aldri laus við harm,
 en ljósir draumar liðu' í aftanblænum
 og langanir mér vöktu' í ungum barm;
 míns edlis fjötur fýsti' að rjúfa önd
 og fljúga' á vængjum storms um himingeiminn,
 mig frægð að vinna lysti víða' um lönd
 og lífið stórum teyga' og reyna heiminn.

Nú hef ég loksins heiminn nokkuð kannað —
 En hef ég mettað frægðargjarna önd?
 Ja, því þá ei? — Menn tala' um ekkert annað
 í átta daga', en mig og vesturlönd!
 Hvað fæurt, djarft og gott ég hef sagt og gert,
 þess getur enginn meðal frónskra lýða;
 í augum þeirra' er alt það lítilsvert
 mót að eins því, að hafa farið víða.

Og vinir, sem mig þorðu' að þekkja eigi,
 ég þegar síðast flýði hér úr Vík,
 nú keppast um að sýna dag frá degi,
 hve djúp við mig sé trygðin þeirra' og rík.
 Ó, hversu yináttan er varanleg!
 Nú veit ég það af reynslu fullkomlega!
 — Og frægðin mín er fullstór til að ég
 get fyrirlitid það alt svo hjartanlega!

Í JÚNÍ-LOK '75.

Á LEIÐI KRISTJÁNS JÓNSSONAR.

Engin sjá þess merki menn,
hvar þú liggur lík í garði;
lýsir enginn minnisvarði
leiði þínu yfir enn.

Grafmörk las ég einatt á,
las ég að menn þar lægi góðir —
lesi það allar heimsins þjóðir,
en enginn maður þekkir þá!

Einn býr í grafar þröngri þró
sá, er vanþökk sannar harða;
það setti honum enginn minnisvarða,
en allir nafn hans þekkja þó.

Hvað sem um þetta er nú alt:
geymi þeir vel sitt gullið harða,
já, geymi það sér í minnisvarða —
En skyldi það ekki verða valt?

Eitt er það sem aldrei deyr:
minning lifir moldum ofar;
að maanninn betur en gull hún lofar,
betur vissir þú, en þeir.

Seinni tíðin það sanna má,
á þessari kynslóð það mun bitna,
þeirra baustasteinar slitna,
en KRISTJÁN lifir lýðum hjá.

12. SEPT. '75.

Á LEIÐI FÖÐUR MÍNS.

Nú get ég ei sem áður fyr,
elsku-pabbi minn!
ef eitthvað hrygði hrelda sál,
hlaupið í fadminn þinn.

Enn býr þú mér þó í sál,
og þá ég gjöri rangt
sé ég oft sem áður fyr
þitt augnatillit strangt.

En þegar ég gjöri gott og rétt,
glögt ég stundum finn
þú brosir eins og áður fyr
enn við Nonna þinn.

Já, lífið mitt hefði orðið alt
annað, faðir minn,
hefðirðu getað lifað og leitt
litla drenginn þinn.

SEPT. '75.

MANVÍSA.

Meir en fangi frelsið góða,
fríðlaus maður leynistig,
meir en þjófur gull og góða,
góða mæ, ég elska þig.

'76.

UM SJÁLFAN MIG.

—
 Ef altsaman er einski-vert, sem eg hef skrifað,
 þá hef ég til lítils lifað.

—
 Ég fór hálfan hnöttinn kring
 og hingað kom ég aftur;
 ég átti bara' eitt þarflegt þing,
 og það var — góður kjaftur.

'76.

STAUPA-GLORÍA.

—
 Þá dónarnir fara' að drekka vín,
 — *því er nú miður að þettað er satt* —
 þá verða þeir verri' en saurug svín;
 — *á víninu fara þeir flatt.*

Þeir álkuna teygja' yfir búðar-borð,
 — *því er nú miður, o. s. frv.*
 með brennivíns-hixta þeir hakka hvert orð;
 — *á víninu, o. s. frv.*

„Og hér er ég nýkominn hrakinn af sjá,
 í staupi því einu mig fýsir að fá.“

Ef assistentinn er ei til taks
 að gefa þeim svínum í staupinu strax,

Þá nöldra þeir, jagast og byrstast svo brátt
og kjaftinn með glósum glenna hátt.

En aðrir þeir bölvu og bera sig lítt,
sem húsgangar biðja sér beininga títt.

Svo gleypa þeir snapsinn sem sárþyrst sál,
er helkvelur vatnslausa helvítis bál.

Það eykur þeim þorstaum, svo annan þeir fá,
og þeim þriðja dónarnir dreypa sig á.

En fjórði og fimti' eftir furðu-stutt skeið
og sjötti fer niður á sömu leið.

En vitið fer jafnóðum eins harðan út;
á ferðina gefins þeir fá sér á kút.

En heimferðin kumpáninn lémagna lýr;
hann heim kemur verri en viltasta dýr.

Svo auvirðilegt sá ég ekkert á stord

— *Því er nú miður að þettað er satt* —
sem snúkjandi dóna við búðar-borð.

— *Nú botninn úr vísunni datt!*

BRÚÐKAUPSVÍSUR.

*Sungnar í blysför í brúðkaupi J. P. og J. I.
í Sept. 1876.*

Vér komum fram
með skinið blysa skært í hönd við skála-glam;
svo óskum vér
við skinið láns að skeiði lífsins skundið þér.
.: Sé heppninn ykkar hversdags-þjón
alt heila lífið, ungu hjón,
er bezt vor bón. .:

Sem örskjótt fer
á flótta hræddur Kölski, þegar krossmark sér, —
svo sorg og þrá
af lífsbrant ykkar hörfi burt og hrökkvi frá:
.: en alt, sem gott ég ykkur bið,
á ykkur hríni' og festist við
í fjórða lið. .:

† FRIDRIKA BECK,
fösturbarð kaupmanns *Tuliníusar* á Eskifirði og
og konu hans.
Dó haustið 1876.

Æ, hví er hér svo dapurt
um haustkalda nótt,
svo ömurlegt hér úti,
en inni þungt og hljótt?

Og hví er grátinn hvarmurinn
og hjartað ekki rótt?

Og hví vér hússins föður
svo hljóðan megum sjá?

Og hví ber hússins móðir
svo harmþrungna brá?

Hví hníga tárin heit svo ótt
nú hennar augum frá?

Jú, þessi teikn að þýða,
æ það ei torvelt er,
því að eins dauðans engill,
þá óvænt hann að ber,
þann sorgar-stimpil setur á,
nú sem að alt ber hér.

Því fyrir fáum dögum
var Fríða litla hress
og var svo glöð í gæði,
ég gjörla minnumst þess,
og sorglaus gleði sinni í
hún söng oss margt eitt vers.

Nú liggur litla Fríða
svo lágt á kaldri fjöl,
og augað bláa' er brostið
og þjarta kinnin fól,
því sálin fló til himins heim
og heimsins flýði böl.

En föstur-foreldrarnir
 og foreldrarnir með
 (því foreldra-lán Friðu
 var fremur öðrum léð)
 nú grátnir fylgja henni heim
 að hvíldar síðsta beð.

En Friða' er í föður-höndum
 hjá friðarherra þeim,
 sem öll kveðst elska börnin
 in ungu' í vorum heim —
 og versin sín hún syngur nú
 í sælum engla geim.

Vor sorg því sízt er bitur —
 Nei, sú er ei beizkust skál,
 ið unga líf að líta
 við lífsins skilja tál,
 til guðs þá óspilt, fögur flýr
 og flekklaus barnsins sál.

ÞORRABLÓTS-VÍSUR

Íslendinga í Kaupmannahöfn
 á Þorraþræl 1877.

Í Babýlon hér útlagir vér erum
 sem Ísrael hjá heiðingjanna fjöld,
 en glaðir þó á góðri stundu verum
 og gjalla látum hörpu þetta kvöld.

Í kvöld vér ekki hljóðfærin upp hengjum,
 við helga Bacchuss Evfrat sitjum við.
 Nú hljómar söngur hátt með frónskum drengjum
 nú heyjum Þorra-blót að fornum síð.

Og sumir af oss æfi hér ei una
 og einatt langar heim á fósturland,
 á landið það sem allir okkar muna,
 sem ekki slitu náttúrunnar band.
 En aftur suma' in sára búksorg þjáir,
 og sú er ekki betri' en önnur mein.
 Að öllum okkar eitthvað ganga náir,
 sem ekki bera hjarta' af köldum stein.

En hvað sem nú að hverjum okkar gengur
 og hryggir vora góðu, frónsku lund,
 og hvort sem skemur hér skal eða lengur
 á haudri þessu dvalin æfistund —
 það böl, sem ár á herðar lagt oss hafa,
 og hver ein von, sem nornin myrti köld,
 það má í vínsins Mímis-brunni grafa,
 það margfalt borgar þetta glada kvöld.

Slík gleðistund er lífsins skyldu-skattur;
 nú skattinn krefjum djarft með glas í mund,
 og minnumst þess, hún kemur aldrei attur,
 því enginn maður heimtír liðna stund.
 Og segi nokkur, samvizkan sér þjóði
 að súpa spart og vera' að drykkju seinn —
 um samvizkuna' ei segi' eg neitt, minn góði
 ég segi bara: „Þú ert kögursveinn!“

Og hvísli Fjandinn einhverjum í eyra
 að eftir skilja' í glasi sínu vín,
 þeim syndara mun sæmast ekki' að leyra;
 á *sjálfum* honum Bacchus hefnir sín.
 Því Bacchus eyðir ekki til þess dögum
 að elta Skolla' og *honum* að fá náð; —
 því Fjandinn eftir Íslands stjórnar-lögum
 er *úbyrgðarlaus* þó hann *gefi ráð*.

 SVÖRTU AUGUN.

Eg hef farið yfir lá
 oft í vöða-byr;
 þó hef aldrei eg á sjá
 æðru talað fyr.

Allur vöði hulinn hjúp
 heillar menn til sín —
 Geymir hættu' id dimma djúp,
 dökkku augun þín?

Nornin vöða-vald þér gaf,
 væna silkilin,
 svo þitt brúna Svarta-haf
 seyðir menn til þín.

Fyr en vissi' eg ögn þar af,
 unga snótin mín,
 til sálar-botns ég sökk á kaf
 í svörtu augun þín.

Harma skyldi eg þó ei
að í þann sök ég mar,
ef þú vildir að eins, mey,
mig ávalt geyma þar.

KHÖFN, 27. FEBR. '77.

ÍSLENSK KVENNTRYGD.

Íslands meyja elskuríkt
oft er hjarta þanninn:
þær elska stétt og auð og slíkt,
en ekki sjálfan manninn.

Ef eg fæ konu, eg veit þá
ég allan kærleik hennar á;
því ekki' er tign né auður hér,
sem ástir kvenna dragi' að mér.

KHÖFN. Í FEBR. '77.

MANVÍSA.

Eitt bros frá þínum blómaríku vörum,
þá birtir yfir öllu lífi mínu;
einn geisla' af hlýrri ást frá auga þínu,
við englana vil ég þá ei skífta kjörum.

Í ÁGÚST '77,

† BJARNI THORLACIUS TULINIUS.

(1868—1878).

Þú skilur það eftir, sem enginn,
sem upp-kominn hneig í val,
fékk leift eftir lífsferil þreyzkan,
er lífsgeislann dauðinn fal.

Það er minning svo engilhrein, ástsæl,
að engan skugga ber á;
því allir þér unnu, sem þektu,
þig elskaði hver, sem þig sá.

Því barn varst þú blessað og hugljúft,
svo blíður og saklaus og hreinn,
að þú drógst að þér hvers manns hjarta;
svo harður var enginn steinn.

Og alt eins ástsæll þú verður
hjá englunum himnum á,
þá dauðans er brugðið blundi
og þú býr þeim í sælu hjá.

Þeir, sem blitt þú oft kystir með brosi,
er bauðstu þeim „góða nótt,“
nú biðja með blikandi tárur:
Guð blessi þig! sofðu rótt!

VIÐ BARN MITT.

—
 Blessað litla barn mitt frítt,
 blundaðu nú rótt!
 Babbi' í fangi ber þig hlýtt
 svo blitt og hljótt.

Ó að mér mætti' endast líf,
 ungi son' minn smár,
 til að vera þín vernd og hlíf
 um vaxtar-ár.

Alt, sem gott gaf auðnan mér
 og ófrjótt hjá mér dó —
 það vil ég ala' upp alt í þér,
 sem í mér bjó.

Hvað sem ég á helgast til,
 hjartans dýrsta mál,
 innræta þér alt ég vil
 í unga sál.

Sakleysisins svipur klár,
 sem nú á þér skín,
 lífs svo geymist öll um ár
 í anga þín.

Opnar brá og babba þinn
 brosir upp á skært —
 Sofðu nú, litli sonur minn,
 æ sofðu vært!

KVÆÐI ÚR „KÁTUM PILTI.“

Eftir Björnstjerne Björnson.

BARNA-ÞULUR.

Komdu, komdu, kiðlingur,
 komdu, mömmu grákálfur,
 komdu, kötturinn Branda,
 komdu' að mjálma' að vanda,
 andar-ungar, eltið mig,
 ekki' er vert að fela sig,
 komið, grislingar gráir,
 gangfærir vart, svo smáir,
 og dúfurnar mínar
 með fjadrirnar fínar,
 glitrar döggi á meidi,
 glatt skín sól í heiði,
 og hásumar er nú, og hvergi fremur,
 en kallaðu á haustið — og það kemur.

Fögur er kvöldsólin heið og hrein,
 lata kisa liggur á stein'.

„Eg drap eina mús,
 eg drakk rjóma' úr krús,
 steiktri styrllu' og spordi
 stal ég undir borði,
 ég er so sæl og sveitt,

södd og löt og þreytt,
segir kisr.

Hænan vagnar með hopp og læti,
en haninn galar á öðrum fæti:
„Gæsin gráa stórt vill státa,
en stórt er nú ekki af að láta;
eða hefir hún vit á við hana?
Hvað vill hún svo sér trana?
Inn, undir þak, allur hænsna-her,
sólin má í kvöld eiga sig fyrir mér,
segir haninn.

STÖKK-DANS.

„Dans!“ hljómar harpan
og hvellur er strengur,
en upp stekkur drengur
og íbygginn hlær.
„Stanz!“ kallar Óli,
og stráknum svo hratt 'ann,
á dausinn að datt 'ann.
en datt kímir mæ.

„Hopp!“ sagði 'ann Árni
og upp spyrnti' í þakið,

svo brátt heyrðist brakid
í bita og stod.
„Stopp!“ sagði 'ann Grímur
og greip hann í endann
og við honum vendi 'ann:
„þitt væskilmanns-roð!“

„Mey!“ sagði Rafu,
spenti Rönku um mitti:
„fyrst, kæra', eg þig hitti,
einn koss fæ ég nú.“
„Nei!“ sagði Ranka
og rak honum á 'ann,
svo flýja varð frá 'ann:
„sko! þetta fær þú!“

HALLAÐU' ALDREI Á AUMINGJANN.

Hallaðu' aldrei á aumingjann,
elskaðu' heldur sem bróður hann,
hversu sem flatt hann fletur.
Hvað beizka sorg sem heimur bjó,
hvert eitur-vopn sem sál hans smó,
kærleikinn grætt alt getur!

VONAR-VÍSUR.

—

Vert þú uppleitur, vinur kær,
þótt vonir bregðist þér ein eða tvær,
brátt lifnar ný von í barmi,
þá blikar þér nýtt ljós af hvarmi.

Vert þú uppleitur, umhverfis sjá,
eitthvað er, sem þig kallar á,
sem um kjark frá klettum og runnum
kveður með þúsund munnum.

Vert þú uppleitur, son minn, sjá,
í sjálfs þíns brjósti' er og ævelsing blá,
inni þar hörpuhljóð ómar,
iðar, spriklar og hljómar.

Vert þú uppleitur, kveddu kátt,
til að kæfa vorgróðann hefirð' ei mátt;
þar sem undir er efnið frjóa,
mun eitthvað á sinni tíð gróa.

Vert þú uppleitur, verði blið
vonin þín skírnarlaug, geislandi frið,
sem allan um alheiminn glitrar
og í hverjum lífsneista titrar.

—

ÁSTARKVÆÐI.

—
 Ef að ant þú mér,
 unna skal ég þér
 allar mínar æfistundir;
 sumar flýði fjótt,
 fagnaðs-stund leið skjótt,
 kemur ný, er grænka grundir.

En man ógu vel nú,
 hvað eitt sinn sagðir þú,
 það úr hjarta' ei hverfa náir,
 í hug það fjöloft fló
 sem fugl úr grænum mó,
 gæfu mér og gleði spáir.

Hugsa' eg hlýtt til þín,
 heyrir þú til mín,
 kátur sveinn í svölum lundi?
 Óðum rökkvar að,
 orðin fljúga' á stað,
 vilja þínum fagna fundi.

Sussu, sussu, þey!
 Söng ég um koss? — Ó nei,
 nei, það gjörði eg víst eigi.
 Heyrdir þú það — hvað?
 Hugsað' ei um það;
 eg það dautt og ómerkt segi.

Nú, nú, góða nótt!
 Nú ég sofna rótt,
 um þín bláu augun dreymir
 og, sem í þeim býr,
 þó augun séu hýr,
 brosið katt, er glettu geymir.

Heyrðu, hvað vilt þú?
 Hætti' eg söngnum nú.
 Bergmálið það berst svo víða,
 heillar, brosir, heyr,
 hvað vilt þú mér meir? —
 Í kvöld er mikil blessuð blíða.

„FJALLVEG ÞÁ ÞÚ ÆTLAR Á.“

Fjallveg þá þú ætlar á,
 ekki skaltu gera
 nestisbaggann þyngri þá,
 en þér sé létt að bera.
 Drungann neðan úr dölunum
 dragð' ei upp til fjalla,
 í fjörugu kvæði fleytt' 'onum
 fjallshlíð niður alla.

Fugl á kvisti fagnar þér,
 flýr þig sveitar-sláður,
 loftið hreinna æ því er
 sem ofar kemur maður.

Af fullu brjósti kveddu kátt,
 kvikum hlær með rómi
 minning bernsku' í allri átt,
 út úr hverju blómi.

Statt þú við og tak þér tómi
 til að hlýða' á, vinur,
 einverunnar ægihljóm,
 eyrum við sem dynur.
 Afrækt skylda ein og hver
 ýlustrás í rómi
 dímmt að eyrum dunar þér
 dómisdags þrumu-hljómi.

Hrærast, skelfast, hrædda sál,
 hljóm þeim fyrir skaltu;
 þer svo fram þín bænarmál.
 biddu', en áfram haltu.
 Kristur, Móses, Elías efst
 enn eru þar á tindu;
 og þá líta ef þér gefst,
 ágæt ferðin myndi.

1879.

MÍNIR VINIR.

Heill sé þér, öldin unga,
 þú aldna landsins nýja þjóð!
 Þú hrindir dvala-drunga,

þitt djarfara streymir blóð —
 þér Íslands ungu synir,
 þér eruð mínir vinir!

Þér ungu menn, sem unnið
 æ eynni fornu jökla' og báls,
 þér menn, sem meta kunnið,
 hve mæt er lugsun frjáls,
 þér orrar aldar synir,
 þér eruð mínir vinir!

Það forna' er dautt og dofnið;
 þeir dauðu greffri sína enn.
 Vér látum rökkrið rofið
 sem röskvir, frjálsir menn.
 Vér allir, Íslands synir
 þeir ungu, séum vinir!

Og kreddum, hjátrú, heimsku
 vér hrundið látum fyrir borð.
 Í grafar jörðum gleymsku
 þau gamla tímans orð —
 vér frelsis svarnir synir
 og sannleiks tryggir vinir!

Vor trú er á mátt og megin —
 á megn þess góða', er í oss býr
 og sem er okkar eigin,
 þó alvalds gáfa dýr,
 vér menta' og mannvits synir
 og mannkostanna vinir.

Alt fagurt yndi er oss
 og alt, sem mannlegt er, oss skylt;
 það manndóms lífskraft lér oss,
 vort lætur brjóst upp fyllt:
 vér erum andans synir
 og allra lista vinir.

Vor þjóð er öðrum eftir
 og æfir stutt, en námsbraut löng —
 en höggvið band ei heftir,
 ei hroðin braut er þröng:
 Upp! sterkir stríðsins synir,
 til starfa, bræður, vinir!

Hreint loft! — Þá lifnar andi.
 Nú látum storkna' ið dauða blóð!
 Nýtt kveikjum ljós í landi,
 nýtt líf í sljóva þjóð!
 Upp! vorrar aldar vinir!
 Fram! vaskir tímans synir!

1879.

SATAN HEILSAR Í HELVÍTI.

Eftir JOHN MILTON.

(Brot úr „Paráðisar-míssi.“)

Er þetta land það, lóð sú, geimur sá,
 sú bygð — inn fallni erki-engill kvað, —
 sem himins vist vér hljótum skifta við?

Slikt heljar-myrcur fyrir himneskt ljós?
 Nú, því er að taka! Sé það svo, fyrst hann,
 sem herra' er nú, fær rétti' og sköpum skipt
 sem fremst hann vill! Sem fjarst honum er bezt,
 sem oss fyrir máttar mun einn ofjarl varð,
 en er að sálar atgjörvi oss jafn.
 Ó únáðsríku vellir, farið vel,
 og gleðin eilíf! Heilar, ógnir! heil,
 þú undirheima ægi-myrcva byggð,
 helvíti dýpsta, heilt og sælt vert þú!
 Hýstu þinn nýja hilmí nú, — þann gram,
 hvers skap ei breytir sér við stað né stund:
 andinn er sjálfs síns hýsi'; í sjálfum sér
 fær himnaríki' úr helvítinu hann
 og helvíti úr himnaríki gjört.
 Á engu stöndur, hvar (g er, sé eg
 sá sami, sem ég á að vera — alt,
 nema' ekki minni' en hann, sem orðinn er
 fyr' aflsmuns sakir meiri heldur en ég.
 Hér í það minsta frjálsir verðum vér;
 Alvaldur hefir ekki bygt hér svo,
 að bústaðarins unt ei fái' hann oss;
 hann mun oss ekki héðan reka burt,
 hér fæ ég drotnað óhult. Valdið er
 vert eftirsóknar, þótt í Víti sé.
 Í helvíti ég heldur drotna kýs,
 en himnaríkis vist sem annars þjónn.
 En vora dyggju vini' og félaga,
 þá vösku hluttakendur okkar böls
 í óvits-flóði lengur látum nú
 ei liggja; kveðjum þá nú til með oss

að daufrí vist í dapurlegri bygd;
 eða' og til þess, þeim aftur verði fylkt
 og eitt sinn reynt með nýjum kröftum énn,
 í himnaríki hvað til baka vinst,
 eða hvað í helvíti fær tapast meir.

1880.

UNDIR MYND JÓNS SIGURÐSSONAR.

Korngular merkur, skrudgræn belti skóga,
 skjótyrkar vélar, hvel af eimi drifin,
 í iðrum jarðar audlegð málma nóga,
 iðfrjóvan jarðveg, sólarvarman hifin —
 þau lönd, sem eiga audar-gæði slík,
 þau aumka vors lands fátækt, sjálf svo rík.

Fjögurra alda frelsis glæstar brautir,
 (þá frægðar-tíð ei sagan gleymast lætur),
 sex hundruð ára þrældóm, smán og þrautir,
 svo þrek og lán til samt að risa' á fætur —
 mín fedra-þjóð, fyrst þin er saga slík,
 ó, þrátt fyrir landsins fátækt ertú rík!

Sá mæringur, hvers mynd hér yfir stendur,
 (hvað margar þjóðir eiga sonu slíka?)
 af helgri forsjón hann var loksins sendur
 að hefja' á ný sitt ættland söguríka.

*Sú þjóð, sem átti þig, JÓN SIGURÐSSON!
 á sannarlega endurreisnar von.*

1880.

TIL GAMALS MANNS.

Já, þú ert orðinn gamall nú og grár,
 nú gremst þér, hversu taumlaust ungir skeiða,
 þer þykja skopleg tilfinninga tár,
 þú trúir lítt á vora frelsis-eiða.
 En manst þú ekkert eftir sjálfum þér
 á æskudögum? — Slíkt er gleymt, því ver!

Mót öllu því, sem úrelt var og rotíð,
 í æsku þinni forðum barðist þú
 og hégiljanna herkví fékstu brotið;
 þú hafðir þá á „frjálsri rannsókn“ trú.
 Er hún nú dauð? Eða hvi oss lastar þú?—
 Vér heyjum sömu baráttuna nú.

En öðru máli er að gegna hér
 að ætlun þinni, gjörvalt horfið er,
 sem þú og kynslóð þín var við að stíma
 og þreyta stríð; en kynslóð vorra tíma
 því verki öllu', er upp þið bygðuð þá,
 nú árás veitir. — Þar er munur á.

Hér munur enginn ætla ég sé til,
 því ykkar feðra bygging sundur tæta
 þið vilduð og um verkin þeirra bæta —
 og við nú gerum ykkur sömu skil.
 Vér eigum sjálfsagt sama líka' í vonum
 á sinni tíð af vorum eigin sonum.

Og guði sé lof, að gengur það til svona!
 Já, guði sé lof, að áfram sannleiks brautir
 æ æskan leitar þrátt fyrir allar þrautir!
 Já, því er um heimsins framför gott til vona.
Og guði sje lof, þeim gömlu máttur þværrar!
Já, guði sje lof, þeir ungu' eru tímans herrar!
 1880.

 STÖKUR.

Blindur dæmir bezt um lit,
 bezt á sól hefir uglan vit,
 bezt á ritum barnunginn,
 sem bíar enn í pilann sinn.

Stírdlega gengur stöfunin,
 hann stautar illa drengurinn;
 stórvís hyggur hann 'ann sé
 og hakkar þó í a b c.

1881.

 VORMORGUN.

Sólargeislinn hann gægist
 um gluggann minn brosandí inn;
 af værd mig vekur hann kossi
 vörmum á brá og kinn.

Því varst þú að vekja mig, sunna,
svo værum draumi frá?

Því eg var á Íslandi heima
þeim ástfölgnu mínum hjá.

Æ ég var svo sæll í svefni!
Sunna, rak öfundin þig?

Því gæðist þú hér inn um gluggann?
Geisli, því vaktirðu mig?

KRÖFN, 12. APRÍL '81.

STAKA.

Æskunnar léttúð er ellinnar grátur,
oft er stutt fyrst milli skakks og réts vegar;
margur er ungdómsins augnabliks-látur,
sem æfin öll þungt fram í dauða tregar.
Leiktu með gætni við lífsins gátur,
því lífsins gátur eru' alvarlegar.

1881.

DOKTORS-MÓRALL.

Ef viltu þeir kalli þig vellærðan
og veröldin haldi það fyrir satt,
þá steldu þér verki' eftir vitrari mann
og vinndu þér með því doktors-hatt.

Ef viltu þeir haldi þig hygginn mann
og höfðingjanna þú komist í ráð,
þá sviktu guð þinn og sanuleikann
og seldu þitt eigið fösturlað.

Og svívirtu hvern, sem sannleikann
þér segir; því list sú traudla brást.
Og segðu svo: „Bí-bí, samvizkan!
sofðu nú rótt í Doktor Fást!“

1881.

JÓN Landritari JÓNSSON.

† 4. Jan. 1883.

Hann var guðrækinur
og gjörði í kyrþey
fleira gott, en flestir vita.
Til réttlætis-ástar hans
alt hans lífsstarf
átti sína rót að rekja.

Rór var hann ekki,
en ríkur í skapi,
bermáll, en illmáll aldrei;
andvígis-mönnum
þétti hann ei aldæla;
en óvild til einskis manns bar hann.

Sínum var hann ættingjum
inn ættræknasti,

vinum trygða-tröll;
 enginn gat unnad
 ættjörðu sinni
 heitara' en hann gjörði.

Að elju' og starfsemi,
 árvekni' og dugnaði
 átti' hann hér engan sinn líka.
 Miklar vóru gáfunar,
 gott var hjartað.

Í engu var hann *medal*maður.

*

*

*

Meðan dagur var uppi þú vaktir og vanst,
 já vanst fram á síðustu stund,
 og hvíld í dauðanum fyrst þú fanst,
 þá fyrst hlauttu væran blund.

Því að líf þitt var allt saman starfsemi' og
 stríð,
 það var stríð fyrir sannleik og rétt,
 og starfsemi fyrir þitt land og þess lýð;
 það lífsmark þú hafðir þér sett.

Já, þú vanst allan dag fram á dimmstu nótt
 unz þér dauðinn hreif verkið úr hönd.

Æ farðu þá vel og í friði! Sof rótt,
 og friður sé með þinni önd!

AUGLÝSING.

(Undir nafni Einars prentara Þórðarsonar, sem verzláði með ætt og óætt, nýtt og gamalt, og auglýsti alt í einni bendu).

Kunnugt gerist: Til kaups fæst hér:
Kvöldvökur, Balslevs tossakver,
Hersleb og hákarl stækur;
Galdrakver fæst hér, Grallarar,
Grasakverið hans Béusar,
súrt smjör og Sálmaþækur.

Kýrrassa-bók og kaffi-rót,
kofna-fiður og nýja Snót,
jafnvel Jóhönnu-raunir,
Hugvekjusálmar, hangiket,
húspostillur ég „skaffað“ get,
bræðing og enskar baugar.

Skónálar, Bröndums brennivín,
Barnagull ný og Vídalín,
Píslarþankar og píður,
Hjónsplástur, Brama, romm og rjól,
rokkar, náttpottar, smíðatól,
gudspjöll og glugga-rúður.

Á gleraugnum brotnum gef ég kít,
Grammatík eftir Halldór ,
hjólþörur hef ég stundum,
hrátjörü, pappír, hellu' í þak,
Hugvekjur biskups, snústóbak,
og gamalt gudsorð í pundum.

Hirðir og fleiri Halldórs verk,
 Hreinlætis-pésann, reipi sterk,
 sjómönnum sel ég mötu,
 Ágsborgar-játning, einirber,
 Úlfars-rímur og Þorláks-kver,
 Sigurljóð, salta skötu.

Sniðgyltan Mynster, magála,
 messuvín, herta þorskhausa,
 olíu' og margt hvað meira,
 Benedikts-sálma' og kæfu' í kút.
 — Kristileg smárit gengin út,
 og svo er um sitt hvað fleira.

1883.

SÓLARUPPKOMA.

Eg var ungur,
 ólgandi blóð,
 fjölsettur heimur
 fegurð kvennlegri;
 ljómaði þá
 lífs mín hvervetna
 alstirndur himinn
 ástarstjörnum.

Ljóshærdum, léttbrýnum
 lýsti af hvarmi
 sváslegt ljós
 svöanum norrænum;

en svartbrýnum, sudrænum
 sjafnar-logi
 eldi heitari
 úr augum brann.

Svo rannst þú u
 yfir sjóndeildarbang,
 unads-ljós
 augna minna!
 hurfu mér þá augum
 aðrar konur
 sem blikni stjörnur
 fyrir bjartri sól.

1883.

K V Æ Ð Í

ÚR „SIGRÚNU Á SUNNUHVOLI.“

Eftir Björnstjerne Björnson.

BARNA-ÞULA.

Engja-blómi,
 bala sómi,
 heyrðu, heillin mín!
 Viltu' ekki kærastinn verða minn?
 Svo vænan gef ég þér kyrtilinn
 með þerluskrúð skært
 og gullið glært.

Korriró og dillidó —
Sólin gyllir grund og mó.

Gulldrotning,
perludrotning,
heyrðu, heillin mín!
Ég vil ekki kærastinn verða þinn,
ég vil ekki þiggja' af þér kyrtílinn
með perluskrúð skært
og gullið glært.
Korriró og dillidó —
Sólin gyllir grund og mó.

„SIG BÆLDI REFUR UND BJARKA-RÓT.“

Sig bældi refur und bjarka-rót
∴ út við móinn. ∴
Og hérinn stökk þar með hraðan fót
∴ yfir móinn. ∴
Og geislum stafar á bjarka-blöð,
því blessuð sólin hún skín svo glöð
∴ yfir móinn. ∴

Þá brosti refur und bjarka-rót
∴ út við móinn. ∴
Og hérinn hljóp, og hann ugði' ei hót,
∴ yfir móinn. ∴
Hæ! nú er ekkert, sem mæðir mig!

— Já, mikið leggur þú undir þig
 ;: yfir móinn. ;:

Og refur beið undir bjarka-rót
 ;: út við móinn. ;:

Og hérinn beint honum hljóp á mót
 ;: yfir móinn. ;:

Æ, æ! hver þremillinn þarna er!

— Ert þú það, frændi, sem dansar hér
 ;: yfir móinn? ;:

S Ö N G T E X T A R.

SUMARDAGSMORGUNN FYRSTI.

Nú hefi ég slitid svo hressandi blund
 og heilsa þér, sumarið nýja!
 Hve unaðsfögur er árdegisstund
 og inndælt sólskinið hlýja!

1882.

TIL ÍSLANDS.

Guð minn, þökk sé þér,
 þú að fylgdir mér

aftur hingað heim. Hér vil ég þreyja!
 Nýtt hvað í mér er,
 Ísland, helga' eg þér.
 Fyrir þig er ljúft að lifa' og deyja.
 1882.

SUMARNÓTT Á HEIÐI.

Ástá! Hér er yndislegt að sveima
 uppi' á heiði, nóttin er svo blíð,
 og með þér í ástarleiðslu dreyma
 og við barm þinn gleyma rúmi' og tíð.
 Kveður foss við stein,
 syngur fugl á grein —
 Merkir þú hvað mælir golan' hljótt?
 „Margt. Lær til um sumarnótt!“
 1884.

ÍSLANDS MINNI.

Þér, sögu' og frelsis fóstur hvíta,
 vér flytjum þetta kveðju-ljóð.
 Þinn fáir hag og heill að líta
 með hverjum degi vaxa þjóð.
 Hve nær sem þín kann þörf að kalla,
 er þitt vort líf og hjartablóð.

Þig blessi drottinn daga alla,
vor dýra hjartans-móðir góð.

1884.

MINNI
STEINGRÍMS THORSTEINSSONAR.

Þér vér færum þökk í kvöld,
þú sem óði gladdir öld;
snjöll var röddin þín og þið,
þú söngst aldrei dáð úr lýð;
ávalt kvæðu þrek í þjóð
þín in fögru snildar-ljóð;
hertist við þitt hvata-mál,
hlekkjárn deigt í saxa-stál.*

Þú, sem upp vex, æsku-kyn,
átt í söng hans kærán vin.
Er þið róid út á Svið,
óðinn hans þá syngið þið;
meðan ættlands minnist þjóð,
munu kvæðin Steingríms ljóð.
Lifi hann og ljóðin hans
lengi' á vörum sérhvers manns!

1885.

*) *Sbr.*: „Jafnvel úr hlekkjunum sjóða má sverð
í sannleiks og frelsisins þjónustu-gerð.“

MINNI SIG. SIGURÐSSONAR
barnakennara.

Bændur fram og búa-lið!
„Barna fræðsla!“ er herópið.
Þekking eykur alla dáð,
efir lag og bætir ráð;
fræðsla' er arfur ungmennum
öllum dýrri landaurum.
Heiður þeim, hvers þreyjan mild
þetta rækir hér af snild.

1885.

SKÁLKASKJÓL.

Auglýsing frá *Advocatus Diaboli*, bjargvætti
breyzkra, hjálpara hrasaðra, forsvars-
manni fingralangra.

Eins og — með því — af því að
eg er lögkænn, gó minn, sérdu,
öllum breyzkum eg býð það,
eithvert „misgát“ sem að gerdu,
fyrir þeim halda hlífiskildi,
hræra laga-vörd til mildi.

Kostar? — Eins og ekki neitt —
— utan þyrstum svala hlýðir;
þjóf-freisisins whisky heitt
hjartarætur öldungs þíðir,
verd þá ern sem alí-kálfur
og svo fyndinn, ég hlæ sjálfur.

Væri afgangs einhver lögg,
ekki verður það að hálu,
breyzkur maður, dreyp þá dökk
dropa-milda' á *justi** sálu.
Ef hann fórn þá ekki smáir,
upp sker þú sem riður sáir.

Hversu stórt, sem stolið er,
sting ég svefnþorn dómskygninni;
tíund þýfis tollið mér,
tengdur er ég réttvísinni;
yður skýt ég yfir skjóli.

Advoca'us Diaboli.

1887.

HÚSVÍGSLU-SÖNGVAR

við vígslu Good-Templar-hússins í Reykjavík
2. Okt. 1887.

I.

Nú helgum vér tilgangi háum
það hús, er reist höfum hér;
þar takmarki nú vér náum,
sem næsta þráð höfum vér.
Vor Regla fastari fætur
nú fengið hefir með því;
hér festi' hún fastar rætur
sem flestra hjörtum í.

*) Þ. e. ins réttláta.

II.

Guð blessi nú vort nýja hús
 og nema láti þú
 á meðal vor, þá mætum hér,
 æ manníð, von og trú.
 Hér lítilmagnar lögðu til,
 en litlu efnin drjúg
 hafa' orðið hér og unnið stórt
 í eining, von og trú.

Og bindindisins sannleiks-sök
 vér sverjum fylgi nú,
 Good-Templar-hús er vígjum vér
 í von, í kærleik, trú.
 Hér blómgist Reglan inni æ,
 verði' ótal-mörgum brú
 frá heimsku' og eynd til auðnu-vegs
 í ást og von og trú.

Vor göfga Regla', á góðan veg
 frá glötun mörgum snú,
 því þú átt mikinn kynja-kraft
 í kærleik, von og trú.
 Breið öllum mönnum opinn faðm
 og á þá kalla þú:
 „Hér komi hver sem koma vill
 í kærleik, von og trú!“

BORÐSÁLMUR,
á afmælisdag EININGARINNAR 17. Nóv. '88.

Forsöngvarinn:

Oss gefur Láki' í guðsfríði
einn góðan bita, rekkar,
á „Einingarinnar“ afmæli,
en — ekkert „sterkt“ að drekka.

Fólkið:

Bættur sé skaði!
Bara límónaði
eða' öðru' 'ann í oss skvettir
á ettir.

Forsöngvarinn:

Í stúkunni segja þeir sundrungu
um sitthvað hjá oss stundum;
við etum samt í einingu
á öllum matar-fundum.

Fólkið:

Það er nú batinn!
blessi drottinn matinn!
Eining lifi lengi
hjá mengi!

Forsöngvarinn:

Og allir, þrátt fyr' annað stríð,
upp einum munnli ljúka,

að „Einingin“ sé þó alla tíð
in allra bezta stúka.

Fólkíð:

Bezta stúka' í heimi!
Blessun, frægð og seimi
hún safni' og lifi lengi
í gengi.

ENGLAND.

(Fimta kvæði úr *Útlegðarljóðum* eftir sænska skáld-
ið AUG. STRINDBERG. Þýðingin er hendingalaus og
órimuð háttleysa, alveg eins og frumkvæðið).

Austursólin blikar á björgin hvít
og ég heyrði rödd frá suðri, sem mælti svo
og sagði:

„Bölvun!

Bölvun yfir þig, England,
svo kríthvítstrokið að utan
eins og kalkfaguð gróf,
en að innan svo svart,
svo sótbiksvart
eins og steinkola-ferja
stjóruð niður á milli Norðursjávar og Atlantshafs.
Bölvun yfir þig, grósséra-eyja.
og þína krambúðar-stjórnvizku!
Bölvun yfir þig, Beaconsfield lávarður,
sem í mannúðarinnar og kærleikans nafni

ræktir þína sáttasemjara-köllun
 milli Asíu og Evrópu
 eins og sannur hestaprangari!
 Bölvun yfir þína heilögu kyrkju
 og þínar sönnu konur,
 þínar sönnu, sokkprjónandi
 tevatns-konur!

Bölvun yfir þína Tauch'niz-útgáfu rómana,
 trúboðunar-hús þín og frelsunar-heri!"

En ég svaraði' úr norðri og sagði:

„Þú sóttuga, hvíta Albion!

Þótt syndir þínar væru blóðraudar

eins og nautasteikin þín,

og þótt hjarta þitt væri eins svart eins og
 steinkolin þín,

— ég, inn voldugi, landflótta-maðurinn,

ég tek þitt sægjörva kítar-lag

og dreg svo stryk

yfir þína stóru skuld

á þinni stóru, svörtu töflu;

ekki fyrir það mig blekki

þitt ágæta *Pale Ale*

og þínir góðu skegghnífar;

ég fyrirgef þér

þínar Inlands-syndir,

þín Afríku-brot

og þín írsku niðings-verk;

ég fyrirgef þér, England,

ekki fyrir sjálfs þíns sök,

heldur fyrir yðar,

Dickens, Darwin, Spencer og Mill!"

(1885)

ka skáld-
 galaus og
 væðid).

ælti svo

antshafs.

nafni

„DÆMIÐ EIGI.“

Þegar blóðið er heitt og hjartað er ungt,
er hægt að freistast, en sigra þungt.
Að dæma hart, það er harla létt;
en hitt er örðugra' að dæma rétt.

1889.

ÞING-STÖKUR.

[Þingmaðr einn, sem þótti fylgispakr Júlíusi
Havsteen amtmanni í atkvæðagreiðslu, var í
spaugi kallaðr „skugginn amtmannsins.“ Eitt
sinn gekk hann í lið með höf, og varð amt-
maðr einn síns liðs í þingdeildinni].

Amtmaðurinn austnordan varð einn á bandi;
skuggalaus ég skil hann standi,
skringilegur er sá fjandi.

Amtmaðurinn austnordan
er orðinn fyrir tjóni;
skugginn hans hann skildi við hann
og skaut að baki Jóni.

1889.

NÝ BJARKA MÁL.

Nú skal vakna, nóg er sofð;
nýjan kveð ég brag.
Lát nú, þjóð mín, rökkur rofð;

ramman hef ég slag!
 Eg kný glaður aldna strengi,
 er nú þagað hafa lengi.
 Enn þá hljómar aldið stál;
 enn kveð ég þér Bjarka-mál.

Enn þá vil ég uppreisn vekja,
 um það flyt ég boð.
 Enn frá völdum eg vil hrekja
 ýms þín fornu goð.
 Upp! og hrindum o'n af stalli
 ódygðum og þjóðar-skjalli.
 Týnast skal í tíðar straum
 trú á fornan orða-glaum.

Þér að smjæðra' er mörgum mætast —
 markaðu' ekki það!
 Bragð ei ávalt sagt er sætast
 sannleikanum að.
 Lærðu sjálfa þig að þekkja;
 þig ei glamrið láttu blekkja,
 mútur, völd né vinskap manns
 vegi burt frá sannleikans.

Lengur fedra' ei lifðu' í haugum,
 loft-ill vist er sú.
 Frelsi' ei býr hjá fornum draugum;
 frelsið skapa þú!
 Líttu' um heimsins álfur allar.
 Aldar rödd, sem þaðan kallar,

hátt um sjálfstarfs mæliir magn,
mæliir fátt um pappírs-gagn.

Hættu' að lifa' í himinskýjum,
hlýða' á skrum og tál.
Trú þú mér: með tíma nýjum
talast annað mál.

Betra' er fjórðung *bera* vilja',
en *binda* vætt og *eftir skilja* —
hálfum þjarga hlutum þó,
heldr en allur fari' í sjó.

Hættu' að trúa á túskildinginn,
trega, sljóva þjóð!
Strjúktú af þér embættlinginn
eins og hrossamóð.
Hætt við búðar-borð að sníkja
brennivín, og kaupmann svíkja.
Sig með dáð úr dróma' ei rak
drukkinn þjóð með hokið bak.

Magn til frelsis mun æ þverra
mönnum hlekkjum í.
Ulla spilar háan herra
hjúa sinna þý.
Slít því háttum lasta ljótum,
lærðu' að standa' á eigin fótum,
eta skuldlaust eigið brauð.
Ærleg ver, þótt sértu snauð!

Nenntu' að hugsa' um hagi þína,

hugsanlata þjóð!
 ekki' á sérhvern eyri blína
 út úr þínum sjóð.
 Þér ef gjöld þín þykja byrði,
 þó er frelsið meira virði;
 mörg það kaupa mátti þjóð
 margoft fyrir líf og blóð.

En ef þú kannt ekki' að skilja
 aldar vorrar mál,
 átt ei nokkurn vísan vilja,
 viljinn ekkert stál —
 hver þá frelsi hygst þér boða?
 Hvað skal barn með opinn vöða?
 Trú skal *sönn* og trú skal *sterk*
 til að gera kraftaverk!

1889.

VESTAN HAFS Á NÝ

(1890—'92).

ÆTTJARÐAR-MINNI VESTUR- ÍSLENDINGA.

Já, vér elskum Ísafoldu', er
áa vorra bein
geymir djúpt í dimmri moldu', en
dís í hverjum stein,
sorgar-tár þar stríðast streymir,
stærst er gleði nægð,
sem í skauti sínu geymir
sögu vora' og frægð.

Já, vér elskum Ísafoldu
eins og hún er nú;
dýpst í hennar dimmu moldu
dafni von og trú.

Trú á guð og trú á eiginn
traustan þrótt er sterk;
þvilík trú á mátt og megin
megnar kraftaverk.

Fémætur er fornöld sjóður
framtakssömum lýð:
að eins frækorn fyrir gróður
fyrir nýja tíð.

Já, vér elskum Ísafoldu
eins og verður hún,
er það fræ rís upp úr moldu
árdags móti brún.

Grúfðu' ei, fósturfoldin hvíta,
fornaldar við glam,
samtiðar á líf skalt líta,
lít þú *upp* og *fram*!
Þá, þótt megi missa frá sér
margan nýtan son,
viti menn, að Ísland á sér
endurreisnar von!

Börn, sem fjarst þér aldur ala,
unna þér ei minnst;
unads-bergmál bernsku-dala
í brjósti lifir innst.
Enginn frónska fjalla-sali,
fossa, hólma' og sker,
enginn maður Íslands dali
elskar svo sem vér.

NÝ

R-

en

Já, vér elskum Ísafoldu
 alla heimsins tíð,
 allt sem þar er ofar moldu,
 allt þitt lán og stríð.
 Heim til þín æ huga vendum;
 hjarta með og sál
 heim úr vestri hóðan sendum
 hlýjast sona mál!

2. ÁGÚST 1890.

OPÍÐ SENDIBRÉF

til séra *Jóns Bjarnasonar*.

WINNIPEG, seint í Október.

Séra Jón Bjarnason, — minn gamli, minn góði,
 minn glöggsæi, drenglyndi fortíðar-vinur!
 Nú vil ég heilsa þér eitt sinn í óði,
 því eitthvað ég heyrir að í loftinu dynur.
 Böði' elding og þrumu þessi hvinur,
 minn þrumuleiðara' í friðsömu ljóði
 ég festi' upp á þakið
 og hlýði svo rólega á gauragangs-brestina' og
 brakið.

Því mér dylst ekki, vinur, að úti þú ert
 með orþodox-lúterskum reiðarslögum;
 fyrir skömmu var loftið allt skafheidrikt, þert,
 en nú skýkólgu þrungið sem fyrr á dögum,
 er Ása-Þórr hélt í Austurveg
 illþýðis-tröllin að mola' í smátt;

allt eins er ferð þín nú ákafaleg
 og allt eins reiðir þú vopnið hátt.
 En við það ertu' að berjast, vinur minn?
 Eg vænti þó aldrei við skuggann þinn?
 Hvar eru tröll þau sem hamastu' á nú?
 „Í Heimskringlu' og Lögbergi,“ svarar þú.
 Eg íslenzku blaðanna séð hefi' ei sæinn
 svo sárlengi' eins sléttan og nú — hann er lygn.
 Hvort sér þú ofsjónir? Eða' ertu skygn,
 er þú sér drauga um hábjartan daginn?
 Þú sér mig í anda sem þá „óhreinu makt“,
 sem eitrad hafi Lögberg, svo það stendur ekki'
 á vakt

við kyrkju þessar dyr með gjammi og galti
 og glepsar hvern í hælinn, sem aðra leið fer,
 heldr enn þar inn um dyrnar, og svo djarfur er,
 að rata lífsins brautir án þess þig hann elti.
 En Lögberg hefir aldrei víst ætlað sér
 slíkt upphefðar hlutverk við dyrnar hjá þér.
 Þér er velkomið að stimpla mig sem vantrúar-
 barn

og varpa mér út á kyrkjunnar fordæmingar-hjarn.
 Eg trúi sjálfsagt líklega langt um færuru' en þú;
 en á því litla, sem ég trúi, hef ég örugga trú.
 Til dæmis: ég trúi' ekki, að eilíf drottins náð
 hafi' ætlað nokkra manns-sál fyrir djöfulsins bráð
 til píslar og pyndinga' um endalaus ár,
 svo aldrei linni kvöl eða þorni þeim tár.
 En ég trúi' að manns-sálin sé algæzkunnar verk,
 og þótt illskan verði megn, sé þó drottins hönd
 eins sterk.

Og kyrkjufélags trúarjátning trúi ég ei neina
til þá vera' í heimi, er sé in *rjetta eina*.

Ég trúi því, vinur, að trúin mín

sé tíu sinnum göfugri' og sannari' en þín.

En ég trúi líka', að huggandi' og heilög eins sé þér
og hjartfólgin þín trú, eins og mín trú er mér.

Og að við samleið eigum *um eilífð'*, ég og þú —
ja, *ekki* reyndar *veit* ég það, en það er mín trú.

Og allt, sem ég geri' illt, það ég enginn trúi' að fái
afplánað, svo sjálfur ég hjá því sleppa ná;

ég trúi því, að einni og sérhverri synd

fylgi seint eða snemma hegning í einhverri mynd;

eins víst eins og afleiðing orsök fylgir beint,

eins öruggt komi þetta fram snemma' eða seint —
ef ekki' í þessu lífi, í öðru lífi þá.

En — endurlausnar-trúnni leiði' eg minn hest frá.

Ég trúi því að eitt sinn fái allir menn bætt

fyr' allar sínar misgerðir og hvert sár verði grætt;

og að sérhvers manns sála sé sjálfsagt til þess fær

ad *sífell* verða *betri* og *gudi* *færast nær*.

En ég trúi því ekki,

ad til sé nokkur djöfull, sem leggi mig í hlekki

fyrir það ad mér vildi' ekki ganga svo glatt

ad gleypa það með trúnni, sem ég hugði' ei vera

satt. —

Æ, brýndu fyrir mönnum ad elska hverjir að,

en ekki' ad vera' ad bíta og hvæsa' eins og nað

Æ, brýndu fyrir mönnum ad gera sem m

gott

(þann guði mundi kærast ad sjá af trúnni

ad bæta eftir megni sem flestra bræðra ból,

að binda' um þeirra sár og að lina þeirra kvöl.
 Og að *credo* þurfi' ei vissa til þess kærleiksverk að
 vinna,

æ, að kristnum jafnt sem heidnum þann boðskap
 vildir inna.

Mín trú er ekkert líkinda lauslegt hald ;
 það er lífsskoðun mín þjargföst, sem hefir á mér
 vald,

og lausari' en það er hún í mér ei,
 að í henni ég lífi, og fús í henni' eg dey.
 Mitt líf hefir hún fríðað, við lífið allt mig sætt,

hún lýsir mér svo öruggur ég dauðanum get mætt.
 Þótt til eilífdar mér bölvir og bannsyngir þú;

ég býtta' henni' ekki við þína orþodoxu trú.
 Eftir þinni trú vor annarhvor ættingi' og vinur

í eilífu helvíti vafalaust stynur ;
 þeir sem heitast ég hef unnað og hreinast og bezt,
 í helvíti' eiga að kveljast sem sárast og mest,
 því þeir vóru svo gerðir— um suma það veizt þú—
 að þeir höfnuðu kyrkjunnar orþodoxu trú.

Og mörgum heimsins vitrustu' og mestu' og beztu
 mönnum

þeim moka kyrkjan niður til helvítis í hrönnum ;
 þið prestar gnagið náinn og nístið svo tönnum.

Ég held ég misti vitið, ef ég hefði slíka trú,
 þá heiftar-grimmu djöfla-trú, sem þú boðar nú.

Nei, öruggari' og göfugri' hef eg og meiri trú
 á eilífum guds kærleik og vísdóm heldr en þú.
 Ég hef rétt sem þú að trúa því, að trúin mín sé
 sönn,

og til þess líka' að mæla þig á sjálfs þíns eigin
spönn:

„Þú trúir ei *mínum* sannleik, og svo er trú þín
þvaður,

og synd er þitt trúleysi, vantrúarnadur!“

Þótt hvor um sig það segjum, hvað *sönnum* við
með þeim orðum?

Við sönnum ekkert meira heldr en kerlingarnar
fordum,

sem „klipt“ sögðu' og „skorið“, og klifudust á því.
Þú kannast við þá sögu. — Nú slæ ég botninn í.

OFURLÍTIL UPPBOÐS-KÍMA.

MOTTO:

„*Fyrsta, annað, þriðja sinn:*
Þýður nokkur betur?“

Orðtak uppboðshaldara.

Sigtryggur í sérhverja' átt
sendir boðskaps-letur,
sannfæringar sinnar þrátt
segist bera merkið hátt,
það er að segja' — unz einhver býður betur.

Atkvæðin hjá Íslending
ölli til fjár hann metur;
sérhvers þeirra sannfæring
segist ráða', og uppboðs-þing
setur 'ann: „Piltar, býður nokkur betur?“

„Kjafsteinninn“ nam krunka' á skjá,
kom til Ross í vetur:

„Þér skal fylgi LÖGBERG ljá,
látirðu það í svanginn fá
þúsund dollars. — Býður nokkur betur?“

„Svo hefir marga sykið þú,“

svörin Ross þá hvetur,

„að á því festir enginn trú,
að Íslendinga teymir þú.

Farðu' í r...! Ég býð þér ekki betur.“

Laabadi' af stað til ‚Liberals‘

lotið „kjafsteins“-tetur,

liðlega við þá leitar tals:

„Með LÖGBERG kem ég hér til sals:

tví — þrjú hundruð? Býður nokkur betur?“

„Áður LÖGBERG eigum vér,“

anzað Millan getur;

„en ef þú *norður* fyrir oss fer,

ferðu handa sjálfum þér

litla sleikju. — Býður þér nokkur betur?“

„Leitt er, hversu litla trú

á LÖGBERG þjóðin setur.

Á uppboðs-þingi er það nú

ekki' á borð við gamalkú. —

Fyrsta' og annað! Býður nokkur betur?

„Alt er mitt til einskis staul,

enginn neitt oss metur.“

Kljájan, ropi' og garna-gaul
garmsins kæfði sultar-raul.

En síðast heyrðist: „Byður enginn betur?“

VORID 1891.

EFTIR BARN.

(Undir nafni móðurinnar).

Hví er svo dauða-dapurt hér
að drottins ljós ei augað sér?
Hví er svo hjartan dimt um dag?
Ó, drottinn, hvilíkt reidarslag!

Nú að eins ljósan, liðinn ná
mín litid grátin augun fá.
Nú brosir ei oftær augað þitt,
ó, elsku-hjartans barnid mitt.

Hve grimmt, minn ungi elsku-son,
mitt augnaljós og gleði þú,
að taka þig, mitt allt gætt,
og eftir skilja mér ei neitt!

Ei neitt? — Jú, ljúfi, lát þú son,
mér lifir eftir trú og von:
sú trú, guð stýri' í vísdóm vel;
sú von, að sjá þig eftir hel.

Eg veit ei, hvað í heimi hér
að hefði legið fyrir þér;
nú flekklaus engill förstu' á braut
í friðarherrans náðarskaut.

Ó, elsku-barn mitt, eg veit það,
ég á þig þar í vísuð stað.
Í lotning vil ég hneigja hné:
Guðs Herrans nafnið lofað sé!

Okt. '91.

PALLADÓMAR.

Eftir *Ivar Aasen.*

Já, dómarar allmargir vilja vera
og víta og hæða það sem aðrir gera;
og lýti sjá þeir við sérhvað eitt,
en sjálfir gera þeir aldrei neitt.

91.

MORGUNSTUNDIR Í SKÓGI.

Eg geng mig einn út í gróandi laund
um gláðasta vorsins morgunstaund
und álfróðuls árgeislum fránum,
og vongleði' og lífsfjör í huga mér hlær

og hjartað í brjóstinu kviklegar slær
er lifna laufin á trjánum.

Eg geng mig einn út í laufgrænan lund
um ljúfasta sumar-morgunstund
und álfröðuls árgeislum fránum;
fyrir komandi dag-strit ég drekk í mig þrótt
úr daggsvölu lofti' eftir svefnlitla nótt
er blakta blöðin á trjánum.

Ég hvarfla' út í skóginn um haust-morgunstund
með hjartað sært og með þunga lund
und álfröðuls árgeislum fránum;
þar lækning fær hjartað og lundin frá
í laufskruðsins fegurð í glitrandi skóg
er blikna blöðin á trjánum.

Og ef þér er heift eða harmur í lund,
þá haltu' út í skóginn um morgunstund
und álfröðuls ylgeislum fránum;
þar badar þig hreinn og himneskur blær
og hatrið og sorgina' úr brjósti þér þvær
meðan blakta blöðin á trjánum.

Í MAÍ 1892.

EFTIRMÁLI.

Það eru 15 ár nú síðan kvæðabók þessi kom út fyrsta sinn (Eskifirði 1877). Þá voru prentuð 1000 eintök, og seldust þau upp á fám árum, svo að hún hefir nú verið ófáanleg í mörg ár.

Í þessari annari útgáfu hefi ég ekkert úr felt af því sem í fyrri útgáfunni stóð, utan eina sálma-pýðingu, tvö eða þrjú stök erindi, og nokkur erindi á útlendum málum (ensku, dönsku og þýzku), sem alt nemr samtals mjög litlu. En hins vegar hefi ég bætt við kvæðum, sem ég hefi kveðið síðan, og er alt frá byrjun 127. bls. og bókinna út ný kvæði, sem ekki stóðu í fyrri útgáfunni. Af því að þessi útgáfa er drjúglega sett með smá-letri, er hún fyrirferðar-minni en fyrri útgáfan, sem var 200 blss. í stærra broti; en þó er meira en fjórðungi meira í þessari útg. en í inni fyrri.

EKKI hefi ég tekið upp öll þau kvæði, sem ég hefi kveðið síðan fyrri útg. kom út, ekki einu sinni öll þau sem til eru á prenti. Ber þrent til þess: fyrst það, að því sem ekki hefir verið prentað í tímaritum eða á lausum blöðum jafnótt og það var kveðið, hefi ég ekki halið saman, svo að það er nær alt týnt; önnur orsök er sú, að af ýmsu því sem prentað hefir verið, hefi ég nú engin eintök hjá mér, og hefi því ekki getað tekið það upp; þannig er t. d. um talsvert af erfiljóðum og nokkur tækiferis-kvæði; mundi ég hafa

tekið sumt af því upp, ef ég hefði haft það handbært; þá er enn það, að til eru þau kvæði og vísur eftir mig prentuð, er ég hirði ekki um að halda á lofti frammar; eru það kvæði persónulegs efnis. Eg hefi ekki tekið upp nema örlítið af því tagi, það eitt, er mér fanst eiga skilið að fá að lifa.

Það munu margir taka eftir því, að þau 15 ár, sem liðin eru síðan fyrri útgáfan kom út, sýna talsvert minni árangr að vöxtum, en þau 11—12 ár, sem fyrri útg. náði yfir. Hvert ljóðakáld, sem frjósamt á að vera, þarf að hafa talsvert af áhyggjulausum tómsendum. Ytri lífskjör mín hafa ekki veitt mér þær. Bæði fyrir þá sök, og svo af því að ég nefi sjálfir kosið að beita mér heldr við önnur viðfangsefni, hefi ég að eins haft ljóðagerð að gaman-hjáverkum. Og eftir því mælist ég til að hún verði metin.

Þótt kvæðin frá síðustu 15 árunum sé fá að tölu, vona ég þó að sum þeirra (t. d. „Til gamals manns,“ „Ný Bjarka-mál,“ „Ættjarðar-miuni Vestr-Íslendinga,“ „Opíð sendibréf,“ og „Morgunstundir í skógi“) megji vel sitja við hlið sumra eldri systkina sinna.

Annars geri ég ekki tilkall til að fá mér mældan út stóran teig á skálda-vanginum; ég tek ekki upp nema ofrlitinn blett í afskektu horni; en þann blett vil ég eiga sjálfir einn fyrir mig.

Winnipeg, í Nóvember 1892.

JÓN ÓLAFSSON.

EFNIL.

FRÁ ÆSKU-ÁRUNUM (1866—70).

Bls.

Lífsins gáta.....	3
Skiljast aldrei.....	4
Kólnardi ást.....	5
Eftir barn.....	6
Joh. Ludv. Runeberg.....	6
Punglyndi.....	7
Ólyfjanið (eftir <i>Heine</i>).....	8
Umskipti (eftir <i>Heine</i>).....	9
Dagdómarinn (eftir <i>H. C. Andersen</i>).....	9
Til hennar I—III.....	9
Sólsetur.....	11
„Omne tulit punctum“ (eftir <i>Wessel</i>).....	12
Náhrafnarnir.....	14
Meðal blóma (eftir <i>Janson</i>).....	16
Hún elskar mig (eftir <i>Janson</i>).....	17
Bláðaskammir.....	19
Afbragðið (eftir <i>Janson</i>).....	19
Upphafid á 19. sálmi Davíðs.....	21

† Skáldið Kristján Jónsson I—III	Bls. 21
Íslendinga-bragur	26
Smalavísur	28
Haustvísur	30
Æ, hvað viltu meir? (eftir <i>Aavestrup</i>).....	31
Þorablóts-vísur	32
Crimen laesae	33
Mæða.....	34
† Carl Ole Robb.....	34
Tár	37
Afmælisvísur til Kr. Eldjárns Þórarinssonar	40
Mótlæti	42

FLÓTTINN TIL NOREGS (1870—71).

Kveðja til Íslands	43
Á leið til Noregs	45
Íslendinga-hvöt	45
Úti í skógi	47

HEIMA (1871—73).

† Guðmundur stúdent Jónsson.....	48
Kvöldroði	52
Kveðja til séra Kr. Eldjárns Þórarinssonar	52
Stefna.....	54
Bænarsálmr	55

.....	Bls.	21
.....		26
.....		28
.....		30
.....		31
.....		32
.....		33
.....		34
.....		34
.....		37
onar		40
.....		42
.....		43
.....		45
.....		45
.....		47
.....		48
.....		52
nar		52
.....		54
.....		55

Álfasöngvar:	Bls.	
Álfadansinn		55
Brautförin frá dansinum		57
Vanans afl		59
Á skytningi		60
Eftir á koma ósvinum ráð í hug		62
Koss		62
Hjartasorg og horfin ást		62
Til Ameríkufaranna		66
Minning		67
Sólarlitlir dagar		68
Til Jóns Sigurðssonar		69
Áfram		70
Tíðamot		72
Til áhorfendanna		73
Eldgosið		74
Sjóferð		74
Skrúðsbóndinn		76
Andvarp		79
Skógargildi		80
Andláts-orð		80
Haustkvöld á Hörðalandi		81
Stormur		82
Til þjóðfundarmanna á Þingvelli		82

FRÁ AMERÍKU: SKUGGAR OG SKÝJAROF
í ÚTLEGGDINN (1873—75).

Kveðja til Íslands	84
Til kvöldstjörnunnar	85

Til vonarinnar	Bls 86
Leiðindi	87
Sleðaferðin	87
Lífíð mitt I—II	89
Niagara	91
Á Sierra Nevada	98
Eimreiðin	99
Á sjó I—III	100
Alaska	101
Skantafærðin	101
Veraldar-vísur	104
† Grafskrift yfir mann	107
Heim	108
† Sigurður málarí Guðmundsson	110
Meira ljós	110
Columbíu-meyjar	111
Kóngsríkið mitt	113

HEIMA OG ERLendis (1875—90).

Í Reykjavík	115
Á leiði Kristjáns Jónssonar	117
Á leiði föður míns	118
Manvisa	118
Um sjálfan mig I.—2.	119
Stauga-gloría	119
Brúðkaupsvísur (til J. P. og J. I.)	121
† Friðrika Beck	121
Porrablóts-vísur Íslendinga í Höfn	123

Bls

.....	86
.....	87
.....	87
.....	89
.....	91
.....	98
.....	99
.....	100
.....	101
.....	101
.....	104
.....	107
.....	108
.....	110
.....	110
.....	111
.....	113
.....	115
.....	117
.....	118
.....	118
.....	119
.....	119
.....	121
.....	121
.....	123

Svörtu augun	Bls.	125
Íslenzk kvenntrygð		126
Manvísa		126
† Bjarni Thorlacius Tulinius.....		127
Við barn mitt		128
Kvæði úr „Kátum pilti“ (eftir <i>Björnson</i>):		
Barna-pulur.....		129
Stökk-dans		130
Hallaðu' aldrei á auningjann		131
Vonar-vísur.....		132
Ástarkvæði		133
Ejallveg þá þú ætlar á		134
Mínir vinir.....		135
Satan heilsar í helvíti (éftir <i>Milton</i>)....		137
Undir mynd Jóns Sigurðssonar		139
Til gamals mæms		140
Stökur		141
Vormorgun		141
Staka		142
Doktors-mórall		142
† Jón landritari Jónsson.....		143
Auglýsing.....		145
Sólaruppkoma.....		146
Kvæði úr „Sigrúnu á Sunnuhvöli“ (eftir <i>Björnson</i>):		
Barna-pula		147
Sig bæði refur und bjarka-rót.....		148
Söngtextar:		
Sunardagsmorgunn fyrsti		149
Til Íslands		149

	Bls.
Sumarnótt á heiði	150
Íslands minni	150
Minni Steingríms Thorsteinssonar	151
Minni Sig. Sigurðssonar	152
Skálkaskjól	152
Húsvígslu-söngvar I— II	153
Borðsálmur (á afmæli „Einingarinnar“). ..	155
England (eftir <i>Strindberg</i>).....	156
Dæmið eigi	158
Þingstökur	158
Ný Bjarkamál	158

VESTAN HAFS Á NÝ (1890—92).

Ættjarðar-minni Vestur-Íslendinga	162
Opið sendibréftil séra Jóns Bjarnasonar ..	164
Ofurlitil uppboðs-ríma	168
Eftir barn	170
Palladómar (eftir <i>Ivar Aasen</i>)	171
Morgunstundir í skógi	171
Eftirmáli	173

+++++

Bls.
150
150
151
152
152
153
155
156
158
158
158

162
164
168
170
171
171

173

